

# Gleðileg jól

og farsælt komandi ár,
þökkum fyrir
samskiptin á liðnu ári.

Landssamband lögreglumanna

# - LÖGREGLU -
# MAÐURINN

3. tbl. - 2013

- LÖGREGLU -
MAÐURINN
3. tölublað - 29. árgangur 2013 - 78. blað



Ritstjóri og
Ábyrgðarmaður:
Snorri Magnússon
formaður LL



Starfsmenn LL:

Guðlaug Hreinsdóttir
skrifstofustjóri

Forsíðumynd:
Svavar Ellertsson

Teikning á bls. 2:
Logi Jes Kristjánsson

Aðrar myndir:
Júlíus Sigurjónsson
Marek Kruba

Lögreglumaðurinn
er gefinn út af Landssambandi
lögreglumanna

ll@logreglumenn.is
www.logreglumenn.is




# Efnisyfirlit...







Lífeyrismál A- og B deild 4

Erlendar fréttir 8

NBNP 16

Okkur var tekið sem þjóðhöfðingjum 20

Íþróttir 25

## Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- Aðsendar greinar sem birtar eru í blaðinu skulu merktar höfundi. Greinin lýsir skoðun höfundar en ekki stjórnar LL.
- Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- Ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvort efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungs veitt sé þess getið hvaðan það er fengið.



# Óvissa



**Það má með sanni segja að óvissa ríki á ýmsum sviðum þjóðfélagsins. Þannig hafa nýverið borist af því fréttir að slitnað hafi upp úr viðræðum ASÍ og SA við gerð kjarasamninga en eins og flestir vita þá losnuðu kjarasamningar á almennum vinnumarkaði 1. desember s.l. Eitthvað virðist þó alveg nýverið vera að gerast í þessum efnum sem, ef vel verður haldið á spöðunum, gæti gert það að verkum að samningar næðust. Samningar á hinum opinbera vinnumarkaði eru svo aftur lausir frá og með 1. febrúar 2014. Þessar fréttir af stöðu kjaraviðræðna á almenna markaðnum eru ekki til þess fallnar að auka á bjartsýni um niðurstöðu í kjaraviðræðum almennt enda var lagt af stað í yfirstandandi ferli með það að markmiði að bæta vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Þá var einnig orðið ljóst að þeir kjarasamningar sem framundan eru yrðu varla lengri en til tólf mánaða og reyndar, að öllum líkindum, eitthvað styttri en það. Nú færast viðræður á almenna vinnumarkaðnum yfir til einstakra stéttarfélaga (eða landssambanda) og eins og komið hefur fram í fréttum undanfarandi vikna stefna þær flestar inn á borð ríkissáttasemjara til úrlausnar. Einnig liggur í loftinu að ýmis stéttarfélög búa sig undir átök á vinnumarkaði og jafnvel verkfallsaðgerðum. Þessi staða á almenna vinnumarkaðnum mun augljóslega hafa áhrif á gerð kjarasamninga opinberra starfsmanna og mjög líklega draga þá vinnu eitthvað á langinn. Það má því telja ljóst að óvissa muni ríkja á vinnumarkaði næstu vikur og mánuði.**

Óvissa ríkir einnig á öðrum sviðum þjóðfélagsins, en nýlega kynnti ríkisstjórnin hugmyndir sínar að aðgerðum í þágu skuldsettra heimila landsins. Aðgerðum sem eiga að miða því að leiðrétta að einhverju leyti þann forsendubrest sem orðið hefur á verðtryggðum íbúðalánum frá bankahruninu árið 2008. Frábærar og skynsamar hugmyndir segja einhverjir en vonlausar segja aðrir. Þegar hugmyndirnar eru skoðaðar nánar kemur hinsvegar í ljós að þær eru ekki fjármagnaðar, hvorki að hluta til né fullu leyti og að sama skapi ljóst að algerlega er óvíst hvort þær muni yfir höfuð verða fjármagnaðar. Hér er verið að ræða um þann hluta sem kallaður hefur verið „hliðarlán“ (allt að fjórum milljónum króna). Þann tíma, sem áætlaður er fjögur ár, sem taka á að „greiða upp“ hliðarlánin eru þau algerlega á ábyrgð skuldarans og geta þ.a.l. hvenær sem er á þeim árum – gangi fjármögnunin ekki eftir – endað aftur inni í höfuðstól upphaflega lánsins. Hinn hluti „skuldaleiðréttingarinnar“ gengur út á það að almenningur fær sjálfur að fjármagna „leiðréttinguna“ með því að nota sinn eigin séreignalífeyrissparnað til að greiða inn á höfuðstól íbúðalána sinna. Ríkið (n.b. við erum jú öll ríkið!) mun á móti inngreiðslunum á séreignasparnaðnum gefa eftir framtíðarskatttekjur sínar (lesist framtíðarskatttekjur okkar allra) af séreignasparnaðnum sem aftur kallar á hærri framtíðar skattaálögur á börn okkar öll og barnabörn. Sá er þetta ritar geldur ákveðinn varhug við hugmyndum sem þessum og þá sér í lagi í ljósi þess að þegar verið var að koma á laggirnar lífeyrissjóðakerfi landsmanna voru inngreiðslur í sjóðina skattlagðar að fullu, sem þýddi það að þegar koma átti að útgreiðslu úr sjóðunum áttu greiðslurnar að vera „skattfrjálsar“ enda var búið að greiða af þeim skatta á sínum tíma. Kerfinu var svo breytt (það gerist jú stundum að kerfum er breytt) og inngreiðslur í lífeyrissjóðina gerðar skattfrjálsar til skattlagningar þegar að útgreiðslum kæmi. Þetta fyrirkomulag hefur gert það að verkum að nokkur hluti lífeyrisþega landsins er í dag tvískattaður þegar hann fær greiddan lífeyri úr lífeyrissjóðunum. Afar lítið hefur heyrst af þessari staðreynd og óvissu, í almennri umræðu í þjóðfélaginu.

Í öllum fagtímaritum systursamtaka okkar á Norðurlöndunum er að finna aragrúa greina um skipulagsbreytingar í lögreglu. Skipulagsbreytingar sem skapað hafa – alls ekki bara hér á Íslandi – mikla óvissu í röðum lögreglumanna um starfsöryggi, launagreiðslur, eigið öryggi í starfi og margt fleira. Í þessu blaði er þýdd grein eftir Christer Spjut úr blaði sænska landssambandsins þar sem hann fer yfir í stuttu máli ýmsar skipulagsbreytingar sem gerðar hafa verið á lögreglunni í Svíþjóð. Ég endaði þennan pistil minn í síðasta tbl. Lögreglumannsins á titli greinar Christer Spjut – „Hættið að skrifa falleg orð“. Það kæmi mér ekki á óvart að margir lögreglumenn, sem lesa þessa grein Christer sjái ýmislegt sameiginlegt með því sem hann skrifar og því sem hefur verið að gerast í þessum málum hér á landi. Sömu frasarnir eru m.a.s. notaðir í báðum löndum til að „selja“ hugmyndirnar. Þessi staðreynd á ekki bara við á Íslandi og í Svíþjóð heldur öllum hinum Norðurlöndunum einnig. Á sama tíma vekur það svo aftur athygli að í Skotlandi, fyrir fáeinum misserum, var farin sú leið að sameina lögregluna þar í landi í „eitt lið – eina lögreglu“ (á gelísku: Seirbheis Phoilis na h-Alba) en sú breyting rann í gegn tiltölulega hratt og hljóðlaust (formlega „gangsett“ þann 1. apríl 2013). Á Írlandi er sama uppi á teningunum en þar hefur verið rekið eitt lögreglulið frá árinu 1925, Garda Síochána na hÉireann. Frá þeim skipulagsbreytingum sem gerðar voru á lögreglunni hér á landi árið 2007 hefur a.m.k. í þrígang verið lagt fram frumvarp á Alþingi um frekari skipulagsbreytingar á lögreglu sem miða að því að fækka og stækka lögregluliðin í landinu. Þau frumvörp hafa dagað uppi í meðförum þingsins og ekki komist út úr allsherjar- og menntamálanefnd þingsins (áður allsherjarnefnd). Fróðlegt verður að fylgjast með vinnu nýs innanríkisráðherra í þessum efnum á næstu misserum og jafnframt að sjá að hve miklu leyti tekið verði tillit til athugasemda LL við frumvarpi um breytingar á lögreglulögum, komi það fram. Fyrri frumvörp og athugasemdir LL við þau má nálgast á heimasíðu LL undir hlekknum „Skipulagsbreytingar“.

*Snorri Magnússon*
*formaður LL*

Aðalskoðun

Ab-ÞRIF
899 9900

VÍNBÚÐIN

Brasserie
ASKUR
SINCE 1966
SUÐURLANDSBRAUT 4

# AB SAMANBURÐUR Á LÍFEYRISRÉTTINDUM AB

| | B-deild LSR | A-deild LSR |
|---|---|---|
| **Iðgjald:** Iðgjald sjóðfélaga | 4% af föstum dagvinnulaunum, persónuupphót og orlofsuppbót í 32 ár eða þar til 95 ára reglu er náð. Jafnframt 4% af reglubundnum vöktum. | 4% af heildarlaunum. |
| Iðgjald launagreiðanda | 8% af föstum dagvinnulaunum, persónu- og orlofsuppbótum og reglubundnum vöktum (eftir að iðgjaldagreiðsla sjóðfélaga fellur niður greiðir launagreiðandi 12% (4 + 8%)). | 11,5% af heildarlaunum |
| **Ellilífeyrir:** Ellilífeyrisaldur | 65 ára skv. almennu reglunni. Við 95 ára markið skv. 95 ára reglunni, en þó ekki fyrir 60 ára aldur. | 65 ára. Útreikningur lífeyris er miðaður við töku hans við 65 ára aldur. |
| Flýting á töku lífeyris | Frá 60 ára ef samanlagður sjóðstími og lífaldur er 95 ár. Upphæð lífeyris óskert en hámarksprósenta er 64% við 95 ára markið. | Frá 60 ára. Upphæð lífeyris lækkar um 0,5% af óskertum áunnum lífeyrisrétti fyrir hvern mánuð sem vantar á 65 ára aldur. |
| Töku lífeyris frestað | Ávinnsla er einungis á meðan sjóðfélaginn er í starfi sem veitir rétt til aðildar að sjóðnum og iðgjöld eru greidd af þeim launum. | Áunninn réttur við 65 ára aldur hækkar um 0,75% fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris er frestað eftir 65 ára aldur. |
| Réttur til lífeyris samhliða starfi | Réttur til ellilífeyris er bundinn við starfslok, það þarf að láta af því starfi sem veitir rétt til aðildar að B-deild LSR. | Réttur til ellilífeyris er ekki bundinn við starfslok. |
| Ellilífeyrisréttindi | 2% á ári af föstum dagvinnulaunum miðað við lokalaun. | 1,9% á ári af heildarlaunum miðað við öll iðgjaldagreiðsluár. |
| Breytingar á lífeyrisgreiðslum | Fylgja breytingum á launum opinberra starfsmanna, eftirmannsreglu eða meðaltalsreglu. | Fylgja breytingum á vísitölu neysluverðs. |
| **Örorkulífeyrir:** Örorkulífeyrisréttindi | Miðast við áunninn ellilífeyrisrétt. Ef rekja má aðalorsök örorku til starfs sjóðfélaga eru réttindi framreiknuð til 65 ára aldurs. | Miðast við áunninn ellilífeyrisrétt og til viðbótar eru réttindi framreiknuð til 65 ára aldurs gegn ákveðnum skilyrðum. |
| Örorkumat | Örorkulífeyrir greiðist ef orkutap er metið 10% eða meira. | Örorkulífeyrir greiðist ef orkutap er metið 40% eða meira, til þriggja mánaða eða lengur. |
| Starfsviðmiðun | Mat á örorku er miðað við starf sjóðfélaga. | Fyrstu 5 árin er mat á örorku miðað við starf sjóðfélaga, en eftir það við almenn störf. |

| | B-deild LSR | A-deild LSR |
|---|---|---|
| **Makalífeyrir:** Makalífeyrisréttindi | Helmingur af áunnum lífeyrisrétti að viðbættum 20% að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. | Helmingur af áunnum lífeyrisrétti að ákveðnum skilyrðum uppfylltum þá er réttur til framreiknings til 65 ára aldurs. |
| Hversu lengi er makalífeyrir greiddur | Greiddur til æviloka, en fellur þó niður ef eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju. | Meginreglan er að makalífeyrir greiðist tímabundið þannig að fullur makalífeyrir greiðist í þrjú ár og hálfur til viðbótar í tvö ár. Óskertur makalífeyrir er greiddur þar til yngsta barn hefur náð 22 ára aldri. Fellur niður ef maki skráir sig í sambúð að nýju. |
| Hjúskap lokið vegna skilnaðar | Fyrrverandi maki á rétt á makalífeyri, en þó ekki 20% viðbótarlífeyri. Réttindi fylgja hjúskapartíð. | Fyrrverandi maki á ekki rétt á makalífeyri. |
| Óvígð sambúð | Stjórn sjóðsins er heimilt að samþykkja greiðslur til sambúðaraðila. | Réttur til lífeyris án sérstaks samþykkis í hverju tilviki, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum (hjúskapur og sambúð - þ.e. sambúð nægir). |
| **Barnalíeyrir:** Aldur barns | Bamalífeyrir er greiddur til 18 ára aldurs. | Bamalífeyrir er greiddur til 22 ára aldurs. |
| Hverjir fá barnalífeyri? | Börn látinna sjóðfélaga og börn elli- og örorkulífeyrisþega. | Börn látinna sjóðfélaga og börn örorkulífeyrisþega. |
| Fjárhæð | Fjárhæð breytist árlega og er hún sú sama vegna barna látinna sjóðfélaga og barna elli- og örorku lífeyrisþega. (hægt að fylgjast með fjárhæðinni á www.lsr.is) | Fjárhæð breytist mánaðarlega vegna barna látinna sjóðfélaga og vegna barna örorkulífeyrisþega. (hægt að fylgjast með fjárhæðinni á www.lsr.is) |
| Breytingar á fjárhæð | Fylgir breytingum á barnalífeyri almannatrygginga. | Fylgir breytingum á vísitölu neysluverðs. |

## Tvær deildir frá árinu 1997

**Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR – www.lsr.is) var upphaflega stofnaður með lögum nr. 101 frá árinu 1943, en verulegar breytingar urðu á starfsemi sjóðsins árið 1997 þegar samþykkt voru á Alþingi ný lög um sjóðinn.**

Með lagabreytingunni árið 1997 var sjóðnum skipt í tvær deildir, A-deild og B-deild. B-deildinni var þá lokað fyrir nýjum sjóðfélögum og A-deildin stofnsett. Ríkisstarfsmenn og aðrir sem eiga aðild að LSR greiddu upp frá því ýmist í A-deild eða B-deild og er nokkur munur á ávinnslu og réttindum, eins og nánar er lýst í samanburðinum hér á þessari opnu.

Í A-deildina greiða nýir sjóðfélagar, 16 ára og eldri, sem taka laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna og starfa hjá ríki, sveitarfélögum, eða skyldum eða sambærilegum launagreiðendum. A-deildin er stigasjóður sem byggir á fullri sjóðsöfnun.

B-deildin er eldra réttindakerfi LSR og var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum í árslok 1996. Sjóðfélagar sem greiddu til B-deildar í árslok 1996 áttu áfram rétt til aðildar. Þeir, sem kusu að flytja sig yfir í A-deild eiga áfram geymd réttindi í B-deild sem er að mestu gegnumstreymissjóður en byggir að hluta til á sjóðsöfnun

Þá geta einhverjir einnig átt rétt í Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda (www.sl.is) en greitt hefur verið af launum þeirra sem ekki eru fastráðnir í þann sjóð.

Rétt er að benda félagsmönnum LL sérstaklega á það að LSR, sem og SL veita sjóðfélögum allar nánari upplýsingar um lífeyrisrétt þeirra og nauðsynlegt er að leita upplýsinga þaðan í tíma þegar kemur að töku lífeyris. Þá er einnig rétt að hver og einn fylgist náið með inngreiðslum í sjóðina um starfsævina til að tryggt sé að allar inngreiðslur skili sér og séu réttar en þær eru forsendur reiknaðs og greidds lífeyris.

## *Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi*

**Reykjavík**
A. Margeirsson ehf, Flúðaseli 48
AB varahlutir ehf, Funahöfða 9
Actionpages Media ehf, Skúlatúni 2
Aðalvík ehf, Ármúla 15
Aktis lögmannsstofa slf, Ármúla 17
ALTEX ehf, Kringlunni 7
Antiksalan ehf, Skúlatúni 6
Arev verðbréfafyrirtæki hf, Bankastræti 5
Arinbúðin, Skipholti 23
Arkídea ehf, Hellulandi 14
Asía ehf,veitingahús, Laugavegi 10
Atorka ehf verktakar og vélaleiga, Vættaborgum 117
Atvinnuhús ehf, Hverfisgötu 4
Augað gleraugnaverslun, Kringlunni 8-12
Auglýsingastofan ENNEMM, Brautarholti 10
Augnablikk ehf, Bíldshöfða 18
Austur-Indíafélagið ehf, Hverfisgötu 56
ÁH lögmenn slf, Vættaborgum 144
Áman ehf, Háteigsvegi 1
Ásbjörn Ólafsson ehf, Köllunarklettsvegi 6
B.Árnason, byggingaþjónusta ehf, Breiðagerði 21
B.B.Þ. Verktakar ehf, Spóahólum 14
Bakkus ehf, Héðinsgötu 1
Barnaverndarstofa, Borgartúni 21
Benedikt B. Ægisson tannlæknir, Síðumúla 25
Berserkir ehf, Heiðargerði 16
BGI málarar ehf, Brekkubæ 17
Bifreiðastillingar Nicolai, Faxafeni 12
Bílaborg.is, Smiðshöfða 17
Bílahlutir ehf, Eldshöfða 4
Bílahöllin-Bílaryðvörn hf, Bíldshöfða 5
Bílalíf ehf,bílasala, Kletthálsi 2
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar, Hyrjarhöfða 4
Bílasmiðurinn hf, Bíldshöfða 16
Bílaverkstæði Jóns T Harðarsonar, Bíldshöfða 18
Bílaviðgerðir Viðarhöfða 6
Bílaþjónustan Bilaði bíllin slf, Skógarhlíð 10
Bílfang ehf, Malarhöfða 2
Bílrúðan ehf, Grettisgötu 87
Bjarnar ehf, Borgartúni 30
Björnsbakarí ehf, Klapparstíg 3 við Skúlagötu
Blaðamannafélag Íslands, Síðumúla 23
Bláfugl hf, Lynghálsi 4
Blikksmiðja Austurbæjar ehf, Súðarvogi 9
Blikksmiðjan Glófaxi hf, Ármúla 42
Blikksmiðurinn hf, Malarhöfða 8
Blómabúðin Hlíðablóm, Háaleitisbraut 68
Blómastofa Friðfinns ehf, Síðumúla 20
Blómatorgið ehf, Hringbraut 33
Bonafide lögmenn ráðgjöf sf, Klapparstíg 25-27
Bókhaldsstofa Arnar Ingólfssonar ehf, Nethyl 2a
Bókhaldsþjónustan Vík, Síðumúla 12
Bólstrun Ásgríms ehf, Bergstaðastræti 2
Breiðan ehf, Markarvegi 6
Brynjólfur Eyvindsson, Kringlunni 7
Búálfurinn, Lóuhólum 2-6
Bygg Ben ehf, Fífilbrekku v/ Vesturlandsveg
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars ehf, Borgartúni 31
CC bílaleiga ehf, Snorrabraut 29
Central ehf, tannsmiðastofa, Nethyl 2c
City Taxi, Hafnarstræti 17b
D&C ehf, Hamarshöfða 5
Dale Carnegie, þjálfun, Ármúla 11
Danica sjávarafurðir ehf, Suðurgötu 10
Dental stál ehf, Hverfisgötu 105
Draupnir lögmannsþjónusta ehf, Laugavegi 182
Dún- og fiður ehf, Laugavegi 86
Dýraspítalinn Víðidal ehf, Vatnsveituvegi 4
E. Ólafsson ehf, Geirsgötu 9
E. Sigurjónsson lögmannsstofa ehf, Suðurlandsbraut 4
E.T. hf, Klettagörðum 11
Eðalbílar ehf, Fosshálsi 9
Efling stéttarfélag, Sætúni 1
EG Skrifstofuhúsgögn ehf, Ármúla 22
Eignamiðlunin ehf, Síðumúla 21
Eignaumsjá ehf, Skeifunni 17
Eignaumsjón hf, Suðurlandsbraut 30
Eik fasteignafélag hf, Sóltúni 26
Endurskoðun og reikningsskil hf, Stangarhyl 5
Eyjólfur Rósmundsson ehf, meindýraeyðing, Jöldugróf 12
Eyrir fjárfestingafélag ehf, Skólavörðustíg 13
Felgur smiðja ehf, Axarhöfða 16
Fiskafurðir-umboðssala ehf, Fiskislóð 5-9
Fjallamenn-Mountaineers of Iceland, Skútuvogi 12e
Fjárhagsþjónustan ehf, Strýtuseli 14
Forsæla-appartmenthouse, Grettisgötu 35b
Fossar,tryggingar og ráðgjöf ehf, Fiskakvísl 14
Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur, Háaleitisbraut 58
Frami, félag leigubifreiðastjóra, Fellsmúla 26
Frysti- og kæliþjónustan ehf, Vagnhöfða 10
Fulltingi slf, Suðurlandsbraut 18
G. M Verk ehf, Stórhöfða 35
Gagnaeyðing ehf, Bæjarflöt 4
Gagnaöryggi ehf, Bæjarflöt 4
Gallerí Fold, Rauðarárstíg12-14
Garðs Apótek ehf, Sogavegi 108
GÁ húsgögn ehf, Ármúla 19
Gáski sjúkraþjálfun ehf, Þönglabakka 1 Mjódd
GB Tjónaviðgerðir ehf, Draghálsi 6-8
Geiri ehf, umboðs- og heildverslun, Bíldshöfða 16
Geotek ehf, Álftamýri 69
Gjögur hf, Kringlunni 7
Gleraugnaverslunin Sjón ehf, Laugavegi 62
Glerpró ehf, www.glerpro.is, Funahöfða 13
Gluggasmiðjan hf, Viðarhöfða 3
GP-arkitektar ehf, Aðalstræti 11
Grandavör ehf, Baldursgötu 18
Grant Thornton endurskoðun ehf, Suðurlandsbraut 20
Greiðan hárgreiðslustofa, Háaleitisbraut 58-60
Grettir Guesthouse ehf., Laugavegi 28a
Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili, Hringbraut 50
Guðmundur Arason ehf, Skútuvogi 4
Guðmundur Jónasson ehf, Borgartúni 34
Gull- og silfursmiðjan Erna ehf, Skipholti 3
Gullsmiðurinn í Mjódd, Álfabakka 14b
Gullöldin ehf, Hverafold 5
Gummi Valgeirs ehf, Dalhúsum 61
Gunnar Eggertsson hf, Sundagörðum 6
Gúmmísteypa Þ. Lárusson ehf, Gylfaflöt 3
Gæðabakstur, Lynghálsi 7
Hagi ehf-Hilti, Stórhöfða 37
Hamborgarabúlla Tómasar, Geirsgötu 1
Hamborgarabúllan Bíldshöfða 18
Happy Campers ehf, Rofabæ 9
Háfell ehf, Skeifan 11
Hár Class hársnyrtistofa, Skeifunni 7
Hárgreiðslustofan Aþena, Þangbakka 10
Hárlausnir ehf, Háteigsvegi 2
Hársnyrtistofa Dóra, Langholtsvegi 128
Heilsubrunnurinn ehf, nuddstofa, Kirkjuteigi 21
Hereford Steikhús ehf, Laugavegi 53b
Héraðsdómur Reykjavíkur, Austurstræti 19
HGC á Íslandi ehf, Ármúla 21
Hilmar D. Ólafsson ehf, Eldshöfða 14
Hitastýring hf, raftækjavinnustofa, Ármúla 16
Híbýli og skip ehf, Ármúla 15
Hjá Dóra ehf, matsala, Þönglabakka 1
Hjá GuðjónÓ ehf, Þverholti 13
Hjá Jóa Fel, brauð og kökulist, Kleppsvegi 150
Hjólbarðaverkstæði Sigurjóns ehf, Hátúni 2a
HM Flutningar ehf-www.sendibill.net, Vesturbergi 53
Hornið veitingastaður, Hafnarstræti 15
Hókus Pókus ehf, Laugavegi 69
Hópferðabílar Allrahanda, Klettagörðum 4
Hópferðabílar Snælands Grímssonar ehf, Langholtsvegi 115
Hótel Cabin ehf, Borgartúni 32
Hótel Frón ehf, Laugavegi 22a
Hótel Leifur Eiríksson ehf, Skólavörðustíg 45
Hótel Viðey ehf-4th Floor Hotel, Snorrabraut 29
Hreinsitækni ehf, Stórhöfða 37
Hreyfill, Fellsmúla 26
Hreysti ehf, Skeifunni 19
Hringrás ehf, Klettagörðum 9
HS pípulagnir ehf, Hraunbæ 78
Hugvit hf, Tunguhálsi 19
Húsafl sf, Nethyl 2
Húsalagnir ehf, Gylfaflöt 20
Hús-inn ehf, Bíldshöfða 14
Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
IÐAN-Fræðslusetur ehf, Þórunnartúni 2
Iðnó ehf, Vonarstræti 3
Ingimundur hf, Borgartúni 25
Innanríkisráðuneytið, Sölvhólsgötu 7
Inter ehf, Sóltúni 20
iStore í Kringlunni
Íbúðagisting.is, Síðumúla 14
Ísaga hf, Breiðhöfða 11
Ísbúð Vesturbæjar ehf
Ísfrost ehf, Funahöfða 7
Íslenska Gámafélagið ehf, Gufunesi
Ísmar ehf, Síðumúla 28
Ísold ehf, Nethyl 3-3a
Ísólfur Pálmarsson-hljóðfæraumboð sf, Bakkastíg 5
Ís-spor ehf, Síðumúla 17
J. S. Gunnarsson hf, Fossaleyni 10
Járn og gler ehf, Skútuvogi 1h
Jens Guðjónsson ehf, skartgripaverslun, Kringlunni 4-12
JGG ehf, Langholtsvegi 49
Jóhannes Long ljósmyndari, Ásholti 2
Jónar Transport hf, Kjalarvogi 7




**Lífeyrisgáttin**

Ný og greið leið að upplýsingum um
öll áunnin lífeyrisréttindi í samtryggingarsjóðum

Lífeyrissjóðir landsins opnuðu nýverið aðgang að Lífeyrisgáttinni, nýrri leið sjóðfélaga til að fá á einum stað upplýsingar um áunnin lífeyrisréttindi sín í samtryggingarsjóðum.

Sjóðfélagar fá aðgang að Lífeyrisgáttinni á heimasíðum lífeyrissjóðanna og nota þar sama aðgangsorð og gildir fyrir sjóðfélagavefi.
Algengt er að fólk eigi réttindi í mörgum lífeyrissjóðum, til dæmis frá þeim tíma þegar það vann með námi hér og þar. Aðrir hafa skipt oft um starf á ferlinum og skipt þá gjarnan um lífeyrissjóð í leiðinni.

Hingað til hafa sjóðfélagar fengið send yfirlit um hvar þeir eiga lífeyrisréttindi en orðið að sækja sjálfir upplýsingar um hver þau réttindi nákvæmlega eru frá fyrri tíð. Nú opnast þeim greið leið með Lífeyrisgáttinni að þessum upplýsingum.



**SAFFRAN Í HVERT LÖGREGLUMÁL**









**TAKTU HOLLUSTUNA FÖSTUM TÖKUM**

Allur matur frá okkur er útbúinn úr gæðahráefni, allar marineringar eru heimatilbúnar og allt kemur þetta beint frá hjartanu, án allra aukefna. Við notum ekki hvítan sykur og ekkert hvítt hveiti.

SAFFRAN

**Opnunartími um jól og áramót:** Lokað á aðfangadag, jóladag, annan í jólum og á gamlársdag. Við opnum kl. 16:00 á nýársdag!

Glæsibæ • Dalvegi • N1 Ártúnsbrekku • Bæjarhrauni • **Skoðaðu matseðilinn á saffran.is**

Dansk Politi nr. 07 2013

# 23 mínútna biðtími eftir lögreglu

**Norðmenn þurfa, að jafnaði, að bíða í 23 mínútur frá því að þeir hringja eftir aðstoð lögreglu þar til lögregla mætir á staðinn. Þetta er u.þ.b. tvöfaldur sá tími sem norsk lögregla hefur áður upplýst að sé viðbragðstími hennar skv. nýlegri frétt Aftenposten í Noregi.**

Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem er sú stærsta og nákvæmasta sem gerð hefur verið í Noregi hingaðtil á viðbragðstíma lögreglu en rannsóknin sýnir fram á það að það eru meðaltali um 23 mínútur frá því að lögregla móttekur beiðni um aðstoð þar til aðstoðin berst, og hér er um að ræða verkefni þar sem líf liggur jafnvel við. Þegar horft er til allra útkalla lögreglu með hliðsjón af viðbragðstíma eykst hann upp í um 29 mínútur.

Árið 2008 upplýsti norski ríkislögreglustjórinn, í skýrslunni „Politi mod 2020“ (Lögregla fram til ársins 2020), að meðalviðbragðstími lögreglunnar væri 9 – 10 mínútur. Niðurstaða skýrslunnar var, að þar sem lögreglan brygðist svo skjótt við beiðni um neyðaraðstoð, þá væri engin þörf á því að setja einhverjar viðmiðanir fyrir viðbragðstíma lögreglu almennt.

Það má hinsvegar búast við því að slíkar viðmiðanir verði settar í ljósi þessara nýju upplýsinga um raunverulegan viðbragðstíma lögreglu.

*Dansk Politi nr. 07 2013*

*Steffen Rasmussen, rannsóknarlögreglumaður í Vestegnen skrifaði eftirfarandi grein í fagtímarit danska landssambandsins.*

# Hvað með málabunkana?

**Enn eina ferðina skipulagsbreytingar, svokallaðar minni háttar breytingar, heyrast nú í gjallarhornum en hvað með breytingar á málabunkunum? Spyr Steffen Rasmussen, rannsóknarlögreglumaður í Vestegnen.**

Það er ábyggilega fínt mál með það sem er að gerast í skipulagsbreytingunum er varða stjórnun lögreglu en við verðum að bíða og sjá hvað niðurstaða þeirra breytinga leiðir í ljós og hvort það leiðir lögregluna í Danmörku inn á nýrri og betri spor.

Allt annað málefni, sem nánast enginn talar um en bara stækkar og stækkar – en það eru málabunkarnir á borðum rannsóknarlögreglumanna en málin hrúgast inn og lenda aftast í röðinni þar til tími vinnst til þess, hjá rannsóknarlögreglumönnum að vinna sig niður úr bunkunum.

Hingað til hafa þær raddir heyrst að rannsóknarlögreglumenn verði bara að hlaupa hraðar í vinnunni til að ná niður úr bunkunum. Við þessu er það að segja að við hlaupum núna eins hratt og við mögulega getum. Að hluta til vegna allra þeirra mála sem þarf að hlaupa í hér og nú og ekki er hægt að setja neðst í bunkana og að hluta til – og hér kemur einn af hornsteinunum sem dregur kraft úr vinnu rannsóknarlögreglumanna – það þarf jú líka mannskap í handtökur, fangaflutninga, yfirheyrslur yfir þeim sem eru í gæsluvarðhaldi, ýmissa ófyrirsjáanlegra verkefna o.s.frv. en þetta þarf jú allt að vinna á sama tíma og önnur mál eru til rannsóknar. Allt hjálpast þetta að til að koma í veg fyrir skipulega og vandaða vinnu við upplýstran sakamála þar sem mannskapinn er sífellt verið að nota til annarra verkefna. Svo ekki sé talað um lán á mannskap til annarra verka í öðrum deildum en það er heill annar kafli út af fyrir sig.

Hversu lengi getur lögreglan og þ.m.t. talinn almenningur sætt sig við þetta ástand sem við lögreglumenn höfum löngu séð að gengur ekki og það þrátt fyrir að nú eru bráðum sjö ár liðin frá skipulagsbreytingunum og enn blasa við einhverjar minibreytingar. Hvað með málabunkana?

Það er í þeim þar sem mál hr. og frú Jensen liggja og þau eiga kröfu til þess að mál þeirra nái fram að ganga hratt og örugglega án þess að gleymast neðst í bunkunum og safna þar ryki.






*Polistidningen nr. 05 2013*

*Christer Spjut, lögreglumaður á eftirlaunum og fyrrverandi stjórnarmaður í Landssambandi sænskra lögreglumanna skrifaði eftirfarandi grein í fagtímarit sænska landssambandsins.*

# Hættið að skrifa falleg orð

**Lögreglan mun þurfa að ganga í gegnum enn eina skipulagsbreytinguna, eina af mörgum sem hún hefur undirgengist síðustu áratugina.**

**Enn og aftur er markmið skipulagsbreytinganna:**

- að auka sýnileika lögreglunnar
- að færa lögregluna nær borgurunum
- að auka traust og trúverðugleika lögreglunnar.

Hægt er að bæta talsvert við þennan lista af forgangsatriðum og grunnþjónustuhlutverkum lögreglunnar. Í tilraun til að halda sig við þessi þrjú ofangreindu forgangsatriði hefur metnaðurinn í lögregluliðinu verið hár – en mikið af því góða [sem lögreglan áður sinnti] hefur fallið í gleymskunnar dá vegna endalausra skipulagsbreytinga [og yfirvofandi skipulagsbreytinga]. Niðurstaðan hefur oft minnt á ævintýrið um „Nýju fötin keisarans“.

Í „Dagens nyheter“ (8. ágúst 2013) gat að lesa að yfirmaður þeirrar deildar Stokkhólmslögreglunnar sem hefur eftirlit með öryggisfyrirtækjum, Ann-Christin M Nordström, hafi sent dómsmálaráðherra Svíþjóðar, Beatrice Ask, bréf þar sem hún lýsti því yfir að öryggisfyrirtæki ýmiskonar ættu í auknum mæli að sinna því sem hingað til hefur fallið undir hlutverk almennrar löggæslu er kemur að samskiptum við borgarana.

Í ljósi slíkra upplýsinga frá jafnháttsettum lögreglumanni er ljóst að lögreglan ætti þá eingöngu að sinna verkefnum þar sem þörf væri á einhverjum sérstökum inngripum í líf fólks. Getur það verið að þessi þróun auki sýnileika lögreglunnar, öryggistilfinningu og nærveru hennar gagnvart hinum almenna borgara?

Fjölmiðlafulltrúi dómsmálaráðuneytisins telur að vert sé að skoða þessar hugmyndir frekar þar sem útfærsla þeirra gæti losað lögreglu frá verkefnum sem aðrir eru færir að sinna.

Æ fleiri pólitískar ákvarðanir sem og hugmyndir yfirstjórna löggæslumála hafa, síðustu ár, gengið gegn þeim hugmyndum sem lagt hefur verið upp með og ég óttast mjög að við munum sjá æ fleiri slíkar ákvarðanir teknar.

**Hættið því að skrifa falleg orð um:**

- að auka sýnileika lögreglunnar
- að færa lögregluna nær borgurunum
- að auka traust og trúverðugleika lögreglunnar

...ef ekki er innistæða fyrir slíkum orðum.

Grenndarlöggæslubreytingarnar á árunum í kringum 1990 gengu út á sömu fallegu orð. Því miður stóðu stjórnmálamennirnir ekki undir þeim væntingum sem þeir vöktu. Það liðu ekki mörg ár þar til fögur skrif um grenndarlöggæslu voru tónuð niður.

P BÍLASTÆÐASJÓÐUR
Hvalur hf.
ICELANDAIR CARGO ÞVÍ TÍMINN FLÝGUR
Íslandsbanki
Hertz
K.C.-MÁLUN kcarter@internet.is GSM: 691-7979 Kristmundur Carter MÁLNING-SPARTSL-VEGGFÓÐUR-FLÍSALÖGN
EIMSKIP YFIR HAFIÐ OG HEIM
Landsvirkjun

## *Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi*

JP Lögmenn ehf, Katrínartúni 2, Höfðatorgi
K. H. G. Þjónustan ehf, Eirhöfða 14
K. Pétursson ehf, Kristnibraut 29
Kaffi Roma, Laugavegi 118
Kaffibarinn ehf, Bergstaðastræti 1
Kaffivagninn ehf, Grandagarði 10
Karína ehf, Borgartúni 29
Kemis-heildverslun ehf, Breiðhöfða 15
Kjöreign ehf, fasteignasala, Ármúla 21
Kjörgarður, Laugavegi 59
Kjöthöllin ehf, Skipholti 70 og Háaleitisbraut
Klipphúsið ehf, Bíldshöfða 18
Knattborðsstofan Klöpp ehf, Faxafeni 12
Knattspyrnusamband Íslands, Laugardal
KOM almannatengsl, Katrínartúni 2
Kortaþjónustan ehf, Skipholti 50b
Kr. St. lögmannsstofa ehf, Tryggvagötu 11
Kringlukráin, Kringlunni 4-6
Kristján Þ. Haraldsson, Jakaseli 19
Kvikk Þjónustan ehf, Vagnhöfða 5
Lagastoð lögfræðiþjónusta ehf, Lágmúla 7
Lambafelli ehf, Bakkastöðum 81
Landfestar ehf, fasteignafélag, Álfheimum 74
Landslagsarkitekt Mogensen ehf, Viðihlíð 45
Landsnet hf, Gylfaflöt 9
Landssamtök lífeyrissjóða, Sætúni 1
Láshúsið ehf, Bíldshöfða 16
Leiguval ehf, Kleppsmýrarvegi 8
Lifandi vísindi, Klapparstíg 25
Litir og föndur, Skólavörðust. 12 & Smiðjuvegi 5,
Lífstykkjabúðin ehf, Laugavegi 82
Ljósafoss ehf, Ármúla 21
Ljósboginn ehf, Bíldshöfða 14
Ljúfmetisverslunin Búrið, Nóatúni 17
Loftstokkahreinsun.is, s: 567 0882, Garðhúsum 6
Logy ehf, Viðarrima 13
LP-Verktak ehf, Kleppsvegi 48
Lyfjaver ehf, Suðurlandsbraut 22
Lögmannafélag Íslands, Álftamýri 9
Lögmannsstofa Bjarna Eiríkssonar hdl, Lágmúla 7
Lögmannsstofa Jóns G Briem hrl, Skipholti 50b
Lögmannsstofa Rúnars S Gíslasonar, Lágmúla 5
Lögmenn Árbæ slf, Nethyl 2
Lögmenn Höfðabakka ehf, Höfðabakka 9
Lögmenn Laugavegi 3 ehf, Laugavegi 3
Lögregluskóli ríkisins, Krókhálsi 5a
Lögskil ehf, Suðurlandsbraut 48
Lögver ehf, Ármúla 15
Löndun ehf, Kjalarvogi 21
Margt smátt ehf, Guðríðarstíg 6-8
Markaðsráð kindakjöts, Bændahöllinni Hagatorgi 1
Matfugl ehf, Völuteigi 2
Matthías ehf, Vesturfold 40
Merkismenn ehf, Ármúla 36
Mótor og Mía, tískuverslun, Kringlunni 4-12
Múlakaffi, Hallarmúla
Múlaradíó ehf, Fellsmúla 28
Myndhraði ehf, Hraunbæ 102a
Mörkin Lögmannsstofa hf, Suðurlandsbraut 4
Nesradíó ehf, Síðumúla 19
Nexus afþreying ehf, Nóatúni 17
Nostra Ræstingar ehf, Sundaborg 7-9
Nýi ökuskólinn ehf, Klettagörðum 11
Næsti bar, Ingólfsstræti 1a
Ofnasmiðja Reykjavíkur ehf, Vagnhöfða 11
Orka ehf, Stórhöfða 37
Ostabúðin, Skólavörðustíg 8
ÓS verktakar sf, Fífuseli 7
Ósal ehf, Tangarhöfða 4
P&S Vatnsvirkjar ehf, Álfheimum 50
Parlogis hf - Lyfjadreifing ehf, Krókhálsi 14
Pétur Stefánsson ehf, Vatnsstíg 15
Pixel ehf, Brautarholti 10-14
Pípulagnaverktakar ehf, Langholtsvegi 109
Plast - miðar og tæki ehf, Krókhálsi 1
Plastpípur ehf, Hólmgarði 20
Pósturinn, Stórhöfða 29
Prentlausnir ehf, Ármúla 15
Prikið ehf, Bankastræti 12
Proline ehf, Vatnagörðum 14
Promennt ehf, Skeifunni 11b
Pure Spirits ehf, Kringlunni 7
Rafelding ehf, Seljabraut 82
Rafey ehf, Hamrahlíð 33a
Rafgjafinn ehf, Bíldshöfða 16
Rafha ehf, Suðurlandsbraut 16
Raflax ehf, Garðsstöðum 64
Rafsvið sf, Þorláksgeisla 100
Raftækjaþjónustan sf, Lágmúla 8
Rafþjónustan slf, Klapparbergi 17
Ragnar og Guðjón ehf, Espigerði 2
Renata Erlendsson, löggiltur dómtúlkur
og skjalaþýðandi, Kleifarási 4
Reykjavik4you ehf, íbúðarhótel, Bergstaðastræti 12
Réttingaverkstæði Bjarna og Gunnars ehf, Bíldshöfða 14
Rossopomodoro, veitingastaður, Laugavegi 40a
Safalinn ehf, Dugguvogi 3
Sandra María Steinarsdóttir-Polanska slf, Skriðustekk 1
Saumastofa Íslands, Dugguvogi 2
Saumsprettan ehf, Katrínartúni 2
SB Pípulagnir ehf, Ósabakka 13
Sendibílar og hraðþjónusta ehf, Urriðakvísl 3
Sérefni ehf, málningarvöruverslun, Síðumúla 22
Sigurboginn snyrti- og tískuvöruverslun, Laugavegi 80
Silfurmúr ehf, Laugarnesvegi 79
Síma- og tölvulagnir hf, Kirkjustétt 34
Skala ehf, Lágmúla 5
Skipakostur slf, Dugguvogi 17-19
Skipamiðlarar ehf, Grandagarði 14
Skorri ehf, Bíldshöfða 12
Skóarinn í Kringlunni ehf, Kringlunni 4-6
Skólavefurinn.is, Laugavegi 163
Skóvinnustofa Halldórs Guðbjörnssonar, Hrísateigi 19
SM kvótaþing ehf, Skipholti 50d
Smith og Norland hf, Nóatúni 4
Snorri Sturluson ehf, Snorrabraut 61
Sólon Bistro, Bankastræti 7a
Sprettur-þróun og stjórnun ehf, Laugavegi 26
Staukur ehf-leiktæki og sjálfsalar, Krókhálsi 5
Stálbyggingar ehf, Hvammsgerði 5
STEF Samband tónskálda og eigenda, Laufásvegi 40
Stjörnuegg hf, Vallá Kjalarnesi
Storkurinn ehf, Laugavegi 59
Stólpi ehf-alhliða viðgerðaþjónusta, Klettagörðum 5
Svarta Kaffið kaffihús, Laugavegi 54
Sægreifinn, Verbúð 8 við Geirsgötu
Sögn ehf, Skálholtsstíg 7
Söluturninn Vikivaki, Laugavegi 5
Talnakönnun hf, Borgartúni 23
Tandur hf, Hesthálsi 12
Tannlæknastofa Sigríðar Rósu Víðisdóttur,
Réttarholtsvegi 3
Tannlæknastofa Þórðar Birgissonar, Ármúla 23
Tannver Ásgeirs ehf, Hverfisgötu 105
TBG ehf, Grensásvegi 7
Timberland Kringlunni og Laugavegi
Tímadjásn, skartgripaverslun, Grímsbæ Efstalandi 26
Tollstjóraembættið, Tryggvagötu 19
Tort ehf, Aðalstræti 8
Tvítindar ehf, Ármúla 38
Tækni ehf, vélsmiðja, Súðarvogi 9
Tölvu- og tækniþjónustan ehf, Grensásvegi 8
Tösku- og hanskabúðin ehf, Skólavörðustíg 7
Ull og gjafavörur, verslun, Skólavörðustíg 19
Ullarkistan ehf, Laugavegi 25
Úra- og klukkuverslun Gilberts Ó Guðjónssonar,
Laugavegi 62
Útfararstofa Íslands ehf, Suðurhlíð 35
Útfaraþjónusta Rúnars Geirmundssonar, Fjarðarási 25
Varahlutaverslunin Kistufell ehf, Brautarholti 16
Varma & Vélaverk ehf, Knarrarvogi 4
Veiðibúðin Hlað ehf, Bílshöfða 12
Veiðikortið ehf, Kleifarseli 5
Veiðiportið, Grandagarði 3
Veitingahúsið Caruso, Þingholtsstræti 1
Veitingahúsið Lauga-Ás, Laugarásvegi 1
Verðlistinn Laugalæk, Laugarnesvegi 74a
Verkfærasalan ehf, Síðumúla 11
Verslun Guðsteins Eyjólfssonar sf, Laugavegi 34
Verslun Jóns og Óskars Laugavegi,
Kringlunni og Smáralind,
Verslunin Kiss, Kringlunni 4-12
Verslunin Rangá, Skipasundi 56
Vesturröst-Sérverslun veiðimanna, Laugavegi 178
Vélasalan ehf, Dugguvogi 4
Vélsmiðja Einars Guðbrandssonar sf, Funahöfða 14
Véltækni hf, Stórhöfða 35
Vélvík ehf, Höfðabakka 1
Viðskiptastofan B.T. sf, Bitruhálsi 2
Viking Fish ehf, Súðarvogi 7
Vilberg kranaleiga ehf, Fannafold 139
Vilhjálmsson sf, heildverslun, Sundaborg 1
Vitabar, veitingahús, Bergþórugötu 21
Víkurós ehf, bílamálun og réttingar, Bæjarflöt 6
Vörubílastöðin Þróttur hf, Sævarhöfða 12
Wise lausnir ehf, Borgartúni 26
www.sportlif.is, Álfheimum 74
Þ.G. verktakar ehf, Fossaleyni 16
Þingvallaleið ehf, Skógarhlíð 10
Þín verslun ehf,
ÞÓB vélaleiga ehf, Logafold 147
Þróunarfélag Íslands ehf, Brautarholti 10-14
Ögurvík hf, Týsgötu 1





# Law Enforcement Torch
# *Run for Special Olympics*

*Alþjóðlegt verkefni sem byggir á samstarfi Special Olympics og lögreglumanna*

***Eftir vel heppnaða alþjóðaleika Special Olympics í Aþenu árið 2011 þar sem íslenskir þátttakendur stóðu sig með mikilli prýði á meðal 33.000 keppenda hvaðanæva að úr heiminum kom Anna Karólína Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri Special Olympics á Íslandi, að máli við mig og bað mig um að kynna mér kyndilhlaup lögreglumanna sem viðgengst úti í hinum stóra heimi eða Law Enforcement Torch Run for Special Olympics (LETR). Og þá spurði ég mig sömu spurningar og þið – Hvað er nú það?***







*Samtökin Special Olympics International (SOI) voru stofnuð af Kennedy fjölskyldunni 1968 og eru þau enn í dag umsjónaraðili samtakanna og eru SOI stærstu íþróttasamtök fatlaðra í heiminum í dag.*

### *Hvernig hófst LETR?*

LETR hófst árið 1981 þegar lögreglustjórinn Richard LaMunyon í Wichita, Kansas, áttaði sig á því að brýn þörf væri fyrir því að auka þekkingu almennings á Special Olympics sem og auka stuðning við samtökin og áttaði sig á því að kyndilhlaup lögreglu myndi bæði ná þessum markmiðum og auka nánd lögreglu við samfélag Special Olympics. Árið 1988 hóf Gíbraltar LETR og var þar með fyrsta Evrópuþjóðin til að hefja LETR en Ísland er fyrsta Norðurlandaþjóðin til að hefja LETR.

LETR eru ein stærstu grasrótarsamtök til stuðnings Special Olympics bæði hvað varðar fjáröflun og til kynningar á Special Olympics. LETR safnaði til að mynda 42.1 miljón dollurum árið 2011 og hefur safnað meira en 414 miljón dollurum fyrir Special Olympics hreyfinguna frá stofnun LETR. Síðan árið 1981 hafa samtökin stækkað gífurlega og skipa nú 142.000 sjálboðaliðar LETR í 48 löndum. En fjáröflun er einungis hluti af LETR. Iðkendur Special Olympics segja að lögreglumennirnir séu sannarlegur stuðningur við málstaðinn – bindur þau vináttuböndum, öðlast viðurkenningu og hvetja þau áfram. Aðildarlönd Special Olympics hafa í auknum mæli innleitt LETR en enska heiti hlaupsins er „Flame of Hope“ eða „Logi Vonarinnar“. Heimasíða Law enforcement torch run er “www.letr.org” en þeir eru einnig á Facebook.s og hafa hugfast að ikanna með kyndlinum og logaði eldurinn meðan um Special Olympics og hafa hugfast að

### *En hvað er Special Olympics?*

Samtökin Special Olympics International (SOI) voru stofnuð af Kennedy fjölskyldunni 1968 og eru þau enn í dag umsjónaraðili samtakanna og eru SOI stærstu íþróttasamtök fatlaðra í heiminum í dag. Umsjónaraðili starfsemi Special Olympics á Íslandi frá upphafi er Íþróttasamband fatlaðra (ÍF) eða frá árinu 1989.





Margir hafa fallið í þá mýtu að ætla sem svo að Special Olympics sé það sama og Ólympíuleikar eða Ólympíuleikar fatlaðra en þetta er ekki það sama. Umfang og glæsileiki alþjóðaleika SOI líkist helst Ólympíuleikum en keppnisform er gjörólíkt. Til að taka þátt á Ólympíumótum fatlaðra og ófatlaðra þarf að ná lágmörkum sem krefst mikils undirbúnings og takmarkið er eitt – að komast á verðlaunapall. Þátttakendur á leikum SOI eru einstaklingar með þroskahömlun, engin lágmörk þarf á leikana og allir keppa við sína jafningja. Keppendur eru valdir af sínum aðildarfélögum til þátttöku og þá er horft til þeirra sem mæta vel á æfingar, eru jákvæð, hjálpleg, sína stuðning í verki við félagann, gefa af sér. Það eru þessir iðkendur sem eru valdir til þátttöku, það er verið að verðlauna þau fyrir dugnað, vegna þess að þau “eiga það skilið”. Hugmyndafræði Special Olympics byggir á gildi umburðarlyndis og jafnræðis. Lögð er megináhersla á þátttöku, ánægju, einstaklingsmiðaða færni og vináttu. Að skapa einstaklingum með þroskahömlun tækifæri til þáttöku í íþróttastarfi þar sem virðing og jafnræði ríkir og allir eru sigurvegarar. Markmiðið er ekki að sigra andstæðinginn heldur að taka þátt og gera sitt besta sjá nánar á www.specialolympics.org.

### *Samstarf íslensku lögreglunnar við Special Olympics á Íslandi*

Eins og að ofan er greint leitaði Special Olympics á Íslandi til mín, rannsóknarlögreglumannsins og formanns Nes íþróttafélags fatlaðra á Suðurnesjum, og óskaði eftir því að ég yrði talsmaður verkefnisins á Íslandi. Ég og eiginkona mín, Karen Ásta Friðjónsdóttir,




TOYOTA
UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ
ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
VAKA

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Ökukennarafélag Íslands, Þarabakka 3
Ölver, Álfheimum 74

**Seltjarnarnes**
Bæjarins bestu sf, Böllagörðum 4
Felixson ehf, Lindarbraut 11
Innrömmun Guðmundar, Eiðistorgi 15
Tannlæknastofa Ragnars Ó Steinarssonar ehf, Eiðistorgi 15
Veislan veitingaeldhús www.veislan.is, Austurströnd 12
Vökvatæki ehf, Bygggörðum 5

**Vogar**
JB pípulagnir ehf, Suðurgötu 8
Loftræstihreinsun ehf, Vogagerði 19

**Kópavogur**
Aalborg Portland Íslandi hf, Bæjarlind 4
AFA JCDecaux Ísland ehf, Vesturvör 30b
Allt-af ehf, Baugkór 30
Arnardalur sf, Þinghólsbraut 58
Átak ehf, bílaleiga, Smiðjuvegi 1
Baader Ísland ehf, Hafnarbraut 25
BB44 Gisting ehf, Borgarholtsbraut 44
Bifreiðastillingin ehf, Smiðjuvegi 40d
Bifreiðaverkstæði Björns Pálmasonar ehf, Smiðjuvegi 40
Bifreiðaverkstæði Jónasar ehf, Skemmuvegi 46
Bílaklæðningar hf, Kársnesbraut 100
Bílalakk ehf, Dalbrekku 26
Bílalökkun.is, Skemmuvegi 4
Bílamálunin Varmi ehf, Auðbrekku 14
Bílasprautun og réttingar Hjartar, Smiðjuvegi 56
Bílaverkstæði Kjartans og Þorgeirs sf, Smiðjuvegi 48d
Bílhúsið ehf, Smiðjuvegi 60
Bíljöfur ehf, gul gata, Smiðjuvegi 34
Bílstál ehf, Askalind 3
Bíltækni ehf, Smiðjuvegi 32
Blikkarinn hf, blikksmiðja, Auðbrekku 3-5
Brunabótafélag Íslands, Hlíðasmára 8
BSA varahlutir ehf, Skemmuvegi 4
Byggðaþjónustan bókhald, Auðbrekku 22
Datek Ísland ehf, Smiðjuvegi 50
dk hugbúnaður ehf., dk.is, Hlíðasmára 17
Dýrheimar sf heildsala, Ögurhvarfi 8
Dælur ehf, Smiðjuvegi 11
Elfa Guðmundsdóttur, tannlæknir s:564 6250, Hlíðasmára 14
Endurskoðun og uppgjör ehf, Hlíðarsmára 9
Eyfeld ehf, Bæjarlind 14-16
Fagsmíði ehf, Kársnesbraut 98
Fasteignastöðin, Hús og híbýli, Hlíðasmára 17
G. Sigurður Jóhannesson, Skógarhjalla 10
Garminbúðin, Ögurhvarfi 2
GK heildverslun ehf, Smiðjuvegi 4
Greiðabílar hf, Dalvegi 28
Gróðrarstöðin Storð ehf, Dalvegi 30
Guðjón Gíslason, dúklagningameistari
Hafið-fiskverslun ehf, Hlíðasmára 8
Hefilverk ehf, Jörfalind 20
Hilmar Bjarnason ehf, rafverktaki, Smiðjuvegi 11
Hitatækni ehf, Smiðjuvegi 10
Hjólið ehf, Smiðjuvegi 9
Hlynur, grafísk hönnun, Hamraborg 10
Hringás ehf, Skemmuvegi 10
Höll ehf, Hlíðasmára 6
Íslandsspil sf, Smiðjuvegi 11a
Ísnes ehf, heildverslun, Hamraborg 5
Jarðlausnir ehf, Heiðarhjalla 25
JS ljósasmiðjan-Sláttuvélamarkaðurinn, Skemmuvegi 34
JS-hús ehf, Skemmuvegi 34a
K.S. Málun ehf, Fellahvarfi 5
Kambur ehf, Geirlandi v/Suðurlandsveg
Kjöthúsið ehf, Smiðjuvegi 24d
Klippistofa Jörgens ehf, Bæjarlind 2
Körfuberg ehf, Kleifakór 1a
Lakkskemman ehf, Skemmuvegi 30
Lakksmiðjan ehf, bílamálun og réttingar, Smiðjuvegi 4e
Léttfeti ehf-Sendibíll, Engihjalla 1
Litalausnir málningarþjónusta ehf, Hrauntungu 8
Ljósvakinn ehf, Vesturvör 30b
Loft og raftæki ehf, Hjallabrekku 1
Lögfræðistofa Jóhanns Baldurssonar, Hlíðasmára 6
Löggiltir endurskoðendur ehf, Hlíðasmára 6
Lögmannsstofa Guðmundar Þórðarsonar og fasteignasala Kópavogs, Hamraborg 14a
MótX ehf, Drangakór 4
Ólafssynir ehf, Fagrahjalla 84
Portfarma ehf, Smáratorgi 3
Rafbreidd ehf, heimilistækjaviðgerðir, Akralind 6
Rafmiðlun hf, Ögurhvarfi 8
Rafport ehf, Nýbýlavegi 14
Reynir bakari, Dalvegi 4
Ræstingaþjónustan sf, Smiðjuvegi 62
Sérverk ehf, Askalind 5
Slökkvitækjaþjónustan ehf, Bakkabraut 16
Stjörnublikk ehf, Smiðjuvegi 2
Svansprent ehf, Auðbrekku 12
Svissinn hjá Steina, Kársnesbraut 108
Sælgætisgerðin Freyja ehf, Vesturvör 36
Söluturninn Smári, Dalvegi 16c
TERN SYSTEMS hf, Hlíðasmára 15
Tröllalagnir ehf, pípulagningaþjónusta, Auðnukór 3
Tækniþjónusta Ragnars G Gunnarssonar ehf, Smiðjuvegi 11
Vatn ehf, Skólagerði 40
Verkfræðistofa Erlends Birgissonar ehf, Dalvegi 18
Verkfræðistofan VSI öryggishönnun og ráðgjöf ehf, Hamraborg 11
Vetrarsól ehf, verslun, Askalind 4
Vídd ehf, flísaverslun, Bæjarlind 4
Vín tríó ehf, Hlíðasmára 2
Ýmus ehf, heildverslun, Dalbrekku 28
Zenus sófar, Smiðjuvegi 9
Ökukennsla EK ehf, Goðakór 1

**Garðabær**
Elektra ehf, Lynghálsi 11
Engilbert ÓH Snorrason tannlæknastofa sf, Garðatorgi 3
Garðabær, Garðatorgi 7
Garðasókn, Kirkjuhvoli
Geislatækni ehf-Laser-þjónustan, Suðurhrauni 12c
Hagráð ehf, Hofslundi 8
Hannes Arnórsson ehf, Móaflöt 41
J.J.R. trésmiðir sf, Haukanesi 19
Krókur ehf, Suðurhrauni 3
Miklatorg hf - IKEA, Kauptúni 4
Mokarinn ehf, Faxatúni 5
Okkar bakarí ehf, Iðnbúð 2
Rafboði, Skeiðarási 3
S.S. Gólf ehf, Miðhrauni 22b
Úranus ehf, Hegranesi 21
Val-ás ehf, Suðurhrauni 2
Verktakafélagið Glaumur ehf, Birkihæð 5
Öryggisgirðingar ehf, Suðurhrauni 2
Hafnarfjörður
Altis ehf, Bæjarhrauni 8
Ásafl ehf, Hjallahrauni 2
Byggingafélagið Sandfell ehf, Reykjavíkurvegi 66
Dekkjasalan ehf, Hringbraut 4
Donna ehf, Móhellu 2
EÓ-Tréverk sf, Háabergi 23
Essei ehf, Hólshrauni 5
Fjarðargrjót ehf, Furuhlíð 4
Fjörukráin-Hótel Viking, Strandgötu 55
Flutningatækni ehf, Hringhellu 6
Flúrlampar ehf, Kaplahrauni 20
G. Ingason hf, Hvaleyrarbraut 3
Gamla Vínhúsið-A. Hansen, Vesturgötu 4
Gerandi ehf, Suðurbraut 10
Geymsla Eitt ehf, Steinhellu 15
Grafika ehf, Miðvangi 108
H. Jacobsen, Reykjavíkurvegi 66
Hafnarfjarðarhöfn, Óseyrarbraut 4
Hagtak hf, Fjarðargötu 13-15
Heimir og Jens ehf, Birkibergi 14
Hella ehf, málmsteypa, Kaplahrauni 5
Hellur og Gras ehf, Hringbraut 3
Héraðsdómur Reykjaness, Fjarðargötu 9
Hjólasprettur ehf, Dalshrauni 13
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð, Gullhellu 1
Holtanesti, Melabraut 11
Hraunhamar ehf, Bæjarhrauni 10
Húsamálarinn ehf, Álfaskeiði 73
Hyggir ehf, endurskoðunarstofa, Reykjavíkurvegi 66
Ican-Beykireykt þorskflír ehf, Fornubúðum 5
IRobot, verslun, Helluhrauni 22
Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
Ísrör ehf, Hringhellu 12
Japanskar vélar ehf, Dalshrauni 26
Kerfi fyrirtækjaþjónusta ehf, Selhellu 5
Kjartan Guðjónsson, tannlæknir, Bæjarhrauni 2
Konkord ehf, Fjóluvöllum 2
Kænan veitingastaður, Óseyrarbraut 2
Lagnameistarinn ehf, Móabarði 36
Lögfræðimiðstöðin ehf, Reykjavíkurvegi 62
Lögmenn Thorsplani sf, Fjarðargötu 11
Móði ehf, Norðurbakka 13c
Mynstrun ehf, Herjólfsgötu 20
Nonni Gull, Strandgötu 37
Omo ehf-Efnalaugin Glæsir, Bæjarhrauni 4
PE pípulagnir ehf, Einivöllum 5
Rafal ehf, Hringhellu 9
Rafmagnsverkstæði Birgis ehf, Dofrabergi 1



vorum viðstödd alþjóðaleika SOI í Aþenu 2011 þar sem sonur okkar keppti í knattspyrnu og þekkjum því vel til. Special Olympics á Íslandi var boðið að senda 2 fulltrúa á Evrópuráðstefnu LETR í Brussel í október 2013 og ég ásamt Karen vorum fulltrúar Íslands á ráðstefnunni. Í kjölfar þess höfum við fylgt málum eftir og undirbúið innleiðingu á Íslandi sem hefur leitt til þess að Special Olympics og lögreglan tóku nú í fyrsta skipti á Íslandi þátt í þessu alþjóðlega verkefni sem byggir á samstarfi Special Olympics og lögreglumanna. Fyrsta verkefnið var kyndilhlaup lögreglumanna í tengslum við Íslandsleika Special Olympics sem haldnir voru í Reykjanesbæ 10. nóvember 2013 og voru viðbrögð lögreglunnar einstaklega jákvæð.

### *Íslandsleikar Special Olympics í samstarfi við LETR*

Lögreglumenn frá Suðurnesjum og Reykjavík ásamt lögreglustjórunum á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu hófu kyndilhlaupið frá lögreglustöðinni í Reykjanesbæ. Aðstoðaryfirlögregluþjónn Suðurnesja tendraði kyndilinn og ég hljóp fyrsta spölinn en lögreglumenn skiptust á að halda á kyndlinum. Hlaupið var norður Hringbraut, vestur Vatnsnesveg, suður Hafnargötu og austur Þjóðbraut. Þar var stoppað við Brunavarnir Suðurnesja og síðasta spölinn að Reykjaneshöllinni hljóp ég ásamt syni mínum Sigurði sem ásamt Sigríði Björk Guðjónsdóttur en mikil vinna er hjægðir r hann það ekki. Hann er með skerðingu íði Björk Guðjónsdóttur, lögreglustjóra Suðurnesja, kveikti eld leikanna sem logaði meðan á leikunum stóð. Lögreglustjórinn mælti nokkur orð og setti leikana. Keppt var í knattspyrnu og frjálsum (víðavangshlaupi og kúluvarpi).

Í fyrsta skipti var knattspyrnukeppnin alfarið byggð á reglum Special Olympics, Unified football þar sem fatlaðir og ófatlaðir keppa saman í liðum. Lið voru skipuð 4 fötluðum og 3 ófötluðum sem voru m.a. lögreglumenn frá Suðurnesjum og Reykjavík, framhaldsskólanemar og aðrir. Níu lið kepptu í tveimur flokkum, getumeiri þar sem Ösp var sigurvegari og getuminni þar sem sigurlið var Nes 2. Keppendur á leikunum komu frá Suðurnesjum, Reykjavík, Akranesi, Selfossi og Stykkishólmi. Umsjónaraðili leikanna 2013 í samstarfi við KSÍ og Special Olympics á Íslandi var íþróttafélagið Nes. Dómarar komu frá Knattspyrnudeild Keflavíkur og Guðni Kjartansson, íþróttakennari og knattspyrnuþjálfari sá um upphitun. Verðlaun veittu Sveinn Áki Lúðvíksson, formaður ÍF, Rúnar Arnarson, stjórnarmaður KSÍ, lögreglustjórinn á höfuðbrogarsvæðinu, lögreglumenn á Suðurnesjum og dómarar leikanna.

Ísland hefur fengið boð um að senda lögreglumenn í hóp lögreglumanna víða að úr heiminum sem munu hlaupa með kyndilinn fyrir Evrópuleika Special Olympics árið 2014 í Belgíu og 2015 í Los Angeles. Nánari upplýsingar um Law enforcement torch run er að finna á, http://www.specialolympics.org/Sections/Donate/Special_Olympics_Torch_Run.aspx. www.letr.org.

Special Olympics á Íslandi og Íþróttasamband fatlaðra fagnar þessum mikilvæga áfanga og þakkar öllum þeim sem aðstoðuðu við að innleiða LETR og Unified football á Íslandi. Íslandsleikar Special Olympics eru tvisvar sinnum á ári og er það ætlunin að LETR hlaup verði haldið árlega.

***Guðmundur Sigurðsson***
***Rannsóknarlögreglumaður***
***Lögreglunni á Suðurnesjum***







HB GRANDI
HÉÐINN
Gjáhella 4 • 221 Hafnarfjörður • Sími 569 2100
hedinn.is
Dekkjahúsið
FRÍHÖFNIN

# *Nordic Baltic Network of Policewomen – NBNP*

**NBNP eða Nordic Baltic Network of Policewomen var formlega stofnað í Lettlandi í lok apríl 2001**



### *Markmið NBNP er að:*

- styrkja jafnrétti innan lögreglu á öllum starfsstigum,
- hlutfall kvenna í yfirmannastöðum endurspegli hlutfall kvenna í lögreglu,
- miðla upplýsingum og faglegri þekkingu,
- skipuleggja námskeið og ráðstefnur sem auka faglega þekkingu lögreglumanna.

Stjórn tenglslanetsins er skipað tveimur fulltrúum frá hverju þátttökulandi. Stjórnarfundir skulu haldnir tvisvar á ári og fara þeir fram á ensku.
Stjórnin velur sér framkvæmdarstýru, vara framkvæmdastýru og ritara til tveggja ára í senn.

## *NBNP 2001 til 2013*

***2001***

NBNP stofnað. Fulltrúar Íslands kynntu NBNP fyrir tengslaneti lögreglukvenna á Íslandi (Kríur), Ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðherra. Þess skal getið að yfirstjórn lögreglu fannst tengslanetið jákvætt fyrir lögreglukonur en að það ætti heima í félagsmálum.

Ekki fékkst fjárstuðningur til þátttöku frá lögregluembættum en dómsmálaráðherra var tilbúinn að styrkja þátttöku auk þess sem fulltrúar leituðu til STALL.

***2002***

Stjórnarfundur haldinn á Íslandi og allar lögreglukonur boðaðar á sérstakan kynningarfund NBNP í Rúgbrauðsgerðinni. Sólveig Pétursdóttir dómsmálaráðherra mætti á fundinn og hvatti lögreglukonur áfram og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir þáverandi borgarstjóri bauð lögreglukonum til hádegisverðar.

***2003***

Ráðstefna um jafnrétti haldin í Osló þar sem fyrirlesari frá Íslandi var Guðrún Agnarsdóttir en auk hennar sóttu ráðstefnuna Berglind Eyjólfsdóttir og Ingimundur Einarsson þáverandi varalögreglustjóri.

Á haustmánuðum var 5 íslenskum lögreglukonum boðið í skiptivinnuverkefni til Lettlands.







***2004***

NBNP styrkt af Evrópuráði. Verkefni til þriggja ára er fól í sér starfskynningu milli aðildarlanda NBNP og könnun á starfsumhverfi lögreglu. Skipulögðu og stóðu fyrir fagráðstefnu.

***2005***

Tvær íslenskar lögreglukonur fóru í starfskynningu. Önnur fór til Eistlands en hin til Finnlands. Á sama tíma komu tvær lögreglukonur til Íslands að kynna sér hérlend lögreglustörf.

Ráðstefna haldin í Eistlandi.

Frá Íslandi var 20 fulltrúm lögreglu boðin þátttaka. Fyrirlesari frá Íslandi var Erna Sigfúsdóttir lögreglufulltrúi og kynnti hún forvarnarmál.

***2006***

Könnun gerð á starfsumhverfi lögreglu. Sömu spurningar sendar lögreglumönnum á Norðurlöndum og Eistrasaltsríkum. Spurningarlisti var sendur á tæplega 200 lögreglumenn. Mjög léleg þátttaka var hér á landi og þar með var könnunin ekki marktæk en gaf vísbendingu um áreiti innan lögreglu. Þess skal getið að ekki var tilgreint hvort þarna væri um kynferðislegt áreiti eða almennt áreiti að ræða. Niðurstöður kynntar yfirstjórn lögreglu á sérstökum fundi.

***2007***

Ráðstefna haldin í Tampere í Finnlandi í byrjun nóvember. Fulltrúar frá lögregluskóla ríkisins og lögreglustjóranum á Suðurnesjum sóttu ráðstefnuna en eitt aðalumræðuefni hennar var mansal og aðgerðir gegn mansali auk haturstengra glæpa.

Skýrsla gerð um verkefni NBNP 2004 til 2007

***2008***

Samhliða stjórnarfundi NBNP í Reykjavík var



haldinn opinn fundur í húsi BSRB Grettisgötu 89, þar sem jafnréttisáætlun RLS var kynnt. Auk þess var áreiti innan lögreglu rætt og erlendir fulltrúar tengslanetsins kynntu hvernig staðan væri í þeirra heimalandi. Öllum lögreglukonum boðið á fundinn, lögreglustjórum og yfirmönnum í lögreglu.

***2009***

NBNP fékk styrk frá Norrænu ráðherranefndinni til skipulags fræðslu fyrir lögreglumenn um mansal.

Tveir lögreglumenn frá Íslandi fóru til Kaupmannahafnar og Litháen þar sem þeir fengu fræðslu og kynningu um málaflokkinn, annars vegar hjá lögreglunni í Kaupmannahöfn og frjálsum félaga-









samtökum er vinna með lögreglu og hins vegar hjá lögreglu og frjálsum félagasamtökum í Litháen. Alls tóku 18 lögreglumenn frá Norðurlöndum, Eistrasaltsríkjum og St. Pétursborg þátt en auk fræðslu kynntust lögreglumenn persónulega sem er ómetanlegt í þessum málaflokki.

### *2010*

Tveir íslenskir lögreglumenn fóru til Noregs og Lettlands. Fræðsla um mansal en eins og áður voru alls 18 lögreglumenn í hópnum. Sami háttur hafður á hvað varðar framkvæmd en umrædd fræðsla var jafnt fyrir karla sem konur er starfa við þennan málaflokk.

Ráðstefna í St. Pétursborg í Rússlandi um aðgerðir gegn mansali. Lögreglumenn frá Íslandi sóttu þá ráðstefnu auk fulltrúa stjórnar NBNP. Á fimmta tug lögreglumanna frá aðildarlöndum NBNP sóttu þessa ráðstefnu sem styrkt var af Norrænu ráðherranefndinni.

### *2011*

Ráðstefna í Eistlandi. Umræðuefni ráðstefnunnar voru tvö:

- lögreglan í kjölfar kreppu
- mansal

Fyrirlesari frá Íslandi var Stefán Eiríksson lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu en auk hans sóttu ráðstefnuna lögreglustjórinn á Akranesi og fulltrúi lögreglu frá Suðurnesjum.

Fundur á Íslandi um framtíð tengslanetsins. Styrkur fenginn hjá Norrænu ráðherranefndinni og áfram ákveðið að stuðla að fræðslu er varðar aðgerðir gegn mansali.

### *2012*

Ráðstefna í Finnlandi um mansal/nauðungarvinnu. Fyrirlesari frá Íslandi var Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri á Suðurnesjum en auk hennar var Berglind Eyjólfsdóttir rannsóknarlögreglumaður og fulltrúi ríkislögreglustjóri í mansalsteymi í panel og svaraði spurningum úr sal um stefnu og aðgerðir Íslands gegn mansali. Í framhaldi af ráðstefnunni var fræðsla fyrir lögreglumenn en tveir lögreglumenn frá Íslandi sóttu þá fræðslu.

### *2013*

Tveir lögreglumenn sóttu fræðslu um mansal. Fyrri starfsfræðslan fór fram í Noregi og Stokkhólmi en síðari fræðslan fyrir lögreglumenn fór fram í Eistlandi.

Ráðstefna haldin í Tallinn um aðgerðir gegn mansali. Alls sóttu 6 lögreglumenn frá Íslandi ráðstefnuna sem var styrkt af Norrænu ráðherranefndinni.

Hvað er framundan 2014 – 2015?

Áframhaldandi fræðsla fyrir lögreglumenn er varða aðgerðir gegn mansali

Ráðstefna „Konur, friður og öryggi“ haldin á íslandi samhliða ráðstefnu er snýr að kynbundnu ofbeldi.

Konur og friðargæsla vilja íslenskar konur taka þátt?


N1
112 EINN EINN TVEIR
KPMG
inter Medica.
Lindin fjölmiðlun útvarp
Hotel Selfoss
HÁSKÓLINN Á BIFRÖST BIFRÖST UNIVERSITY
HAGKAUP Ein ferð betra verð
















# Lögreglukvennahittingur LL

**Hópefling lögreglukvenna var haldin í félagsheimili Lögreglufélags Reykjavíkur þann 25. október síðastliðinn.**

Dagskráin var vönduð að venju en hún hófst með fyrirlestri frá Láru Óskarsdóttur, markþjálfara. yfirskrift fyrirlestursins var „Lögreglumenn í öllum regnbogans litum“. Í framhaldi af því leiddi hún okkur áfram í verkefnavinnu þar sem okkur var skipt niður í hópa og falið að svara nokkrum spurningum.

Meistarakokkurinn frá BSRB eldaði fyrir okkur þessa úrvalsgóðu súpu sem við borðuðum allar með bestu lyst.

Síðan mætti Breiðbandið, tríó frá Keflavík, en þeir félagar sungu fyrir okkur nokkur velvalin lög á milli þess sem þeir fræddu okkur um eigið ágæti en ekki verður farið nánar út í það hér. Ekki fór á milli mála að sumar okkar kunnu vel að meta húmor þeirra Breiðbandsfélaga og hlógu innilega.

Það sem við höfðum salinn til miðnættis þá var setið áfram spjallað og skemmt sér saman. Þessi „hittingur“ okkar tókst afar vel og viljum við þakka Landssambandi lögreglumanna fyrir þetta frábæra framtak. Þarna gafst lögreglukonum á öllu landinu tækifæri á að hittast, fræðast og ræða málin.

*Berglind Eyjólfsdóttir*
*Rannsóknarlögreglumaður LRH.*






# Okkur var tekið sem *þjóðhöfðingjum*

*Aleksandra Wójtowicz og Steinar Gunnarsson fóru til Póllands s.l. sumar á vegum Íslandsdeildar IPA (International Police Association)*

**Það var í apríl 2013 sem ég komst í kynni við lögreglumann og formann pólskra IPA deildar, Arkadiusz Skrzypczak. Það var á lögreglunámskeiði í Ástralíu sem ég fór á vegum IPA á Íslandi. Þá kviknaði hugmynd hjá Arkadiusz að bjóða mér á hátíð pólska lögreglumanna sem stóð til að haldin yrði haldin í Varsjá, í júlí. Þetta er svokalaður „Lögregludagur“ sem haldinn er ár hvert í Póllandi og tekur almenningur þátt í hátíðarhöldum ásamt lögreglunni. Úr því varð síðan og lagði Arkadiusz mikla vinnu í að búa svo um að ég kæmist til Póllands ásamt Steinari Gunnarsyni, en við bæði erum starfsmenn Ríkislögreglustjóra.**

Þegar við komum síðan út beið okkar fjölbreytt dagskrá þar sem okkar beið heimsóknir í skóla og æfingasvæði. Okkur var tekið opnum örmum af starfsfélögum okkar í Póllandi og var hugsað um okkur eins og höfðingja. Dagskrá heimsóknarinnar var aðalega byggð á okkar væntingum og óskum um bein tengsl við starfssystkini okkar í Póllandi. Einnig var okkur boðið að taka þátt í samkomu sem haldin var fyrir yfirmenn lögreglunnar. Þá var skemmtun og glæsilegt matarboð í boði lögreglunar.

Við reyndum að vera dugleg við að halda utan um atburði hvers dags með því einskonar dagbók. Hér á eftir fylgir svo ferðasaga okkar.







***17 júlí 2013***

Þegar við lentum í Varsjá tók á móti okkur tengiliður IPA og fylgdi okkur í lögregluskólann sem er í útjaðri Varsjá, Legionowo. Arkadiusz sjálfur beið svo eftir okkur í lögregluskólanum í, þar sem við gistum á hóteli sem heyrir undir lögregluskólann. Sama kvöld komu fleiri meðlimir IPA frá öðrum löndum sem voru sérstaklega boðnir á þessa hátíð.

Fljótlega eða eftir allir höfðu verið kynntir var farið snemma að sofa þar sem okkar beið mikilvægur dagur þar sem sýna átti okkur lögregluskólann og kynna starfsemi hans.

***18 júlí 2013***

Við hófum daginn á því að fara í heimsókn í Hundalögregluskólann. Þetta er einn stærstu skóli þeirra tegundar í Evrópu og aðbúnaðurinn og utanumhaldið verulega glæsilegt. Um hundarð nemendur eru við skólann hverju sinni enda leggja Pólverjar mikla áherslu og metnað í að hafa góða lögregluhunda og telja þá eitt af mikilvægustu lögreglutækjunum, eins og tíðkast hjá flestum öðrum lögregluliðum í heiminum.

Þar fengum við að fylgjast með þjálfun hunda sem voru bæði á byrjunarstigi og lengra komnir.

Haldinn var fundur með yfirstjórn skólans og ræddir hugsanlegir möguleikar á samvinnu. Steinar hefur verið í miklu samstarfi við aðra sérfræðinga í Evrópu og var því vel kynntur í skólanum fyrir. Okkur var síðan boðið upp á skoðunarferð um skól-




Pizza Royal ehf.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

SAMHENTIR UMBÚÐALAUSNIR

NA NORÐURÁL

FORTIS lögmannsstofa

LOFT ORKA

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Gallery Restaurant

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Raftaki ehf, Efstuhlíð 4
Raftog ehf, rafmagnsverkstæði, Gjótuhrauni 4
RB rúm, Dalshrauni 8
SBJ réttingar ehf, Kaplahrauni 12
Skerpa renniverkstæði, Skútahrauni 9a
Spennubreytar, Trönuhrauni 5
Stálnaust ehf, Suðurhellu 7
Stálorka, Hvaleyrarbraut 37
Stoð hf, stoðtækjasmíði, Trönuhrauni 8
STOR stórlagnir og ráðgjöf ehf, Burknavöllum 1c
Svalþúfa ehf, Óseyrarbraut 9
Trefjar ehf, Óseyrarbraut 29
Trésmiðjan okkar ehf, Lyngbergi 19a
Umbúðamiðlun ehf, Fornubúðum 3
Útgerðartækni ehf, Fornubúðum 12
Úthafsskip ehf, Fjarðargötu 13-15
Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64
Vélaverkstæði Hjalta Einars ehf, Melabraut 23-25
Vélrás bifreiða- og vélaverkstæði, Álhellu 8
Vélsmiðja Konráðs Jónssonar sf, Helluhrauni 20
Víking björgunarbúnaður ehf, Íshellu 7
VSB verkfræðistofa ehf, Bæjarhrauni 20
www.snati.is, Melabraut 19
Vörumerking ehf, Suðurhrauni 4a

## Álftanes
Eldvarnarþjónustan ehf, Sjávargötu 13

## Reykjanesbær
A. Óskarsson ehf, Heiðargarði 8
Aflbinding-Járnverktakar ehf, Klifröð 5
ÁÁ verktakar ehf, s: 421 6530 & 898 2210, Fitjabraut 4
Bílar og Hjól ehf, Njarðarbraut 11a
Brautarnesti, Hringbraut 93b
Dæluhúðun ehf, Austurbraut 4
Efnalaugin Vík ehf, Iðavöllum 11b
Eignamiðlun Suðurnesja, Hafnargötu 50
Fitjavík ehf, Fitjum
Grímsnes ehf, Steinási 18
Hár og rósir ehf, Tjarnabraut 24
Hótel Keflavík ehf, Vatnsnesvegi 12
HS Orka hf, Brekkustíg 36
Húsagerðin ehf, Hólmgarði 2c
Ice Group Ltd, Iðavöllum 7a
IceBike ehf, mótorhjólaverslun, Iðavöllum 10
Icelandair Hotel Keflavík, Hafnargötu 57
Kaffi Duus, Duusgötu 10
Klettasteinn ehf, Iðavöllum 5b
Langbest ehf, Keilisbraut 771 Ásbrú
Merkiprent ehf, Iðavöllum 5
Neslagnir slf, pípulagningaþjónusta, Bergási 12
Olsen Olsen, Hafnargötu 17
Plastgerð Suðurnesja ehf, Framnesvegi 21
Plexigler ehf, Bakkastíg 20
Renniverkstæði Jens Tómassonar, Fitjabakka 1c
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Rétt sprautun ehf, Smiðjuvöllum 6
Rörvirki sf, Óðinsvöllum 11
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945
Skólamatur ehf, Iðavöllum 1
Slægingarþjónusta Suðurnesja ehf, Brekkustíg 22-24
Smur- og hjólbarðaþjónustan ehf, Framnesvegi 23
Útfaraþjónusta Suðurnesja, Vesturbraut 8
Vatnsafl-Pípulagnir ehf, Klettatröð 1 (Bygging 551)
Verkfræðistofa Suðurnesja hf, Víkurbraut 13
Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14

## Grindavík
Bakaríið Hérastubbur ehf, Gerðavöllum 19
Bláa lónið, Svartsengi
Einhamar Seafood ehf, Verbraut 3a
Eldfjallaferðir ehf, Víkurbraut 2
H.H. Smiði ehf, Árnastíg 6
Hópsnes ehf, Verbraut 3
Jón og Margeir ehf, Seljabót 12
Maron ehf, Víkurbraut 9
Martak ehf, Hafnargötu 21
Ó S fiskverkun ehf, Árnastíg 23
Sjómanna-og vélstjórafélag Grindavíkur, Hafnargötu 9
TG raf ehf, Staðarsundi 7
Veitingastofan Vör ehf, Hafnargötu 9
Vélsmiðja Grindavíkur ehf, Seljabót 3
Vísir hf, Hafnargötu 16
Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

## Sandgerði
Flugfiskur hf, Holtsgötu 37
K & G ehf, Hafnargötu 9
Mamma mía ehf, Tjarnargötu 6
Nuddstofan Heilladís, Þóroddsstöðum
Orkan Sandgerði, Strandgötu 11
Skinnfiskur ehf, Hafnargötu 4a
Sólplast ehf, Hlíðargötu 37
Verslunarfélagið Ábót, Strandgötu 22
Vélsmiðja Sandgerðis ehf, Vitatorgi 5

## Garður
Amp rafverktaki ehf, Lyngbraut 1
Bifreiðaverkstæði Sigurðar Guðmundssonar, Garðbraut 35
Völundarhús ehf, Melbraut 14

## Mosfellsbær
A-Marine ehf, Bjartahlíð 11
Álafossbúðin, Álafossvegi 23
Bergá-Sandblástur ehf, Helgalandi 2
Boltís sf, Barrholti 21
Fagverk verktakar sf, Spóahöfða 18
Fasteignasala Mosfellsbæjar ehf, Þverholti 2
Garðagróður ehf, Reykjum II
Glertækni ehf, Völuteigi 21
Gylfi Guðjónsson, ökukennari s: 6960042, Tröllateigi 20
Hestaleigan Laxnesi, Laxnesi
Hlín Blómahús, Sveinsstöðum
Kaffihúsið á Álafossi, Álafossvegi 27
Kjósarhreppur, Ásgarði
Mosfellsbær, Þverholti 2
Mosraf ehf, Reykjalundi
Spíssar ehf, Brekkutanga 21

## Akranes
Akraborg ehf, Kalmansvöllum 6
Apótek Vesturlands ehf, Smiðjuvöllum 32
Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar, Dalbraut 6
Elkem, Ísland ehf, Grundartanga
Galito veitingastaður, Stillholti 16-18
Gísli Stefán Jónsson ehf, Stillholti 7
Grastec ehf, Einigrund 9
Omnis ehf-Verslun og verkstæði, Dalbraut 1
Rafnes sf, Heiðargerði 7
Rakarastofa Hinriks, Vesturgötu 57
Runólfur Hallfreðsson ehf, Álmskógum 1
Skagaverk ehf, Smiðjuvöllum 22
Skaginn-Þorgeir og Ellert, Bakkatúni 26
Smurstöð Akraness sf, Smiðjuvöllum 2
Straumnes ehf, rafverktakar, Krókatúni 22-24
Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf, Smiðjuvöllum 10
Vélsmiðja Ólafs R Guðjónssonar ehf, Smiðjuvöllum 6
Vignir G. Jónsson hf, Smiðjuvöllum 4

## Borgarnes
Bílabær sf, bifreiðaverkstæði, Brákarbraut 5
Borgarbyggð, Borgarbraut 14
Dýralæknaþjónusta Vesturlands ehf, Þórðargötu 24
Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsnesi
J G Vélar sf, vélaleiga, Lindarholti
Kaupfélag Borgfirðinga, Egilsholti 1
Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri
Lögfræðistofa Inga Tryggvasonar, Borgarbraut 61
Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, Bjarnarbraut 8
Sigur-garðar sf, Laufskálum 2
Trésmiðja Pálma, Hálsum Skorradal
Þjónustumiðstöðin Húsafelli ehf, Húsafelli 3

## Stykkishólmur
Hótel Stykkishólmur ehf, Borgarbraut 8
Narfeyri ehf, Ásklifi 10
Rannsóknarnefnd samgönguslysa, Stykkishólmsflugvelli
Útgerðarfélagið Kári ehf, Hjallatanga 46

## Grundarfjörður
Áning, ferðaþjónusta, Kverná, Eyrarsveit
RúBen ehf, Grundargötu 59

## Ólafsvík
Þrif og þjónusta ehf, Ennisbraut 6

## Hellissandur
Esjar ehf, Hafnargötu 14
Nesver ehf,
Skarðsvík ehf, Munaðarhóli 10
Vélsmiðja Árna Jóns ehf, Smiðjugötu 6

## Búðardalur
Kolur ehf, vinnuvélar og verktakar, Vesturbraut 12

## Reykhólahreppur
Reykhólahreppur, Maríutröð 5a
Þörungaverksmiðjan, Reykhólum








ann þar sem við m.a. heimsóttum safn, þar sem sjá mátti uppstoppaðan hund, einn af þekktustu lögregluhundum Pólverja frá sjötta áratugnum. Þar var einnig mikið af merkilegum munum og myndir af lögreglumönnum og hundum frá heimstyrjöldinni fyrri og til okkar daga stríð. Það var gaman að sjá hvað Pólskir lögreglumenn eru stoltir af hundunum sínum og sína þeim mikla vegsemd og virðingu.

### *19 júlí 2013*

Þarna byrjuðum daginn á því að ferðast í PLONSK, bæinn er u.þ.b. 40 mín. fjarlægð frá Varsjá.

Þar var setning hátíðar lögreglumanna þar í bæ. Komið var saman í stóru félagsheimili þar sem helstu fyrirmenni bæjarins fluttu ræður og boðið var upp á marskonar skemmtiatriði. Að því loknu var farið afar hátíðlega í skrúðgöngu um miðbæinn sem lauk með veislu sem var skipulögð fyrir lögreglumenn og starfsmenn bæjararins. Þar fengum við þakkir fyrir að mæta og fengum við afhent glæsilegt heiðursmerki.

### *20 júlí 2013*

Þetta var mjög mikilvægur dagur sem hófst með því að við mættum í konungshöll Varsjár en þar voru saman komnir helstu ráðamenn ríkissins og lögreglunnar. Þarna fór fram heiðursathöfn lögreglumanna, ræður voru haldnar og glæsilegir tónleikar. Þá var formlega sett hátíð pólskra lögreglumanna. Eftir þennan viðburð var veisla í höllinni. Við vorum þar kynnt fyrir ríkislögreglustjóra Póllands og fleiri stjórnendum innan lögreglunnar þar í landi. Það hreif okkur að sjá hvað allir lögðu sig fram til að halda upp á þennan dag og hvað allt var hátíðlegt og glæsilegt. Það voru ekki bara ríkisstarfsmenn og stofnanir sem lögðu hönd á plóg til að gera daginn glæsilegan heldur voru það líka fyrirtæki og einstaklingar sem sýndu lögreglunni virðingu og styrktu þessa hátíð. Ríkislögreglustjóri mætti sjálfur til að heiðra lögreglumenn og veita þeim setningu og stöðuhækkun.

Nú langar mér að benta á hvað var það mikil heiður




að geta tekið þátt í athöfn sem þessari. Ríkislögreglustjóri Póllands sýndi mikinn áhuga á að eiga meiri samskipti við Ísland en verið hefur og átti það almennt við um alla sem við ræddum við. Pólsku lögreglunni er vel kunnugt um að samfélag Pólverja á Íslandi er stórt og telja því aukið samstarf nauðsynlegt á milli landanna. Með meira og markvissara samstarfi mætti auðvelda margt þegar kemur að nauðsynlegri upplýsingaöflun og afgreiðslu mála. Það gladdi líka ríkislögreglustjórann mikið að sjá og heyra að minn uppruni væri pólskur og að við gætum rætt saman á pólsku. Það vakti eftirtekt annarra hvað hann sýndi mér og okkur mikla athygli og eins áhugi hans á frekari samskiptum við Íslensk lögregluyfirvöld.

Framangreind ferð og þeir fundir sem við Steinar sóttum hafa klárlega opnað fyrir okkur nýjar dyr og möguleika í samskiptum við lögregluna í Póllandi. Er það mín skoðun að nauðsynlegt er að rækta þessi tengsl enn frekar. Við erum nú í góðu sambandi við Lögreglumenn í Póllandi og einnig við yfirmann alþjóðadeildar sem er að leita að fyrir okkur réttum aðilum í öllum deildum sem tengiliði.

stapaprent
Prentþjónusta
Sími 421 4388
Netfang stapaprent@simnet.is

STEYPUSTÖÐIN
STERKARI LAUSNIR

ISAVIA

Tapas barinn

# *Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi*


**Ísafjörður**
FishTec ehf, Suðurgötu 9
Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Suðurgötu 12
Hafnarbúðin, Hafnarhúsinu
Héraðsdómur Vestfjarða, Hafnarstræti 1
Ís 47 ehf, Fagraholti 3
Ísblikk ehf, Árnagötu 1
Lögreglustjórinn á Vestfjörðum, Hafnarstræti 1
Pöllinn ehf, Pollgötu 2
Útgerðarfélagið Kjölur ehf, Urðarvegi 37
Þrymur hf,vélsmiðja, Suðurgötu 9

**Bolungarvík**
Bolungarvíkurkaupstaður, Aðalstræti 12
Fiskihöll ehf, Vitastíg 17
Sérleyfisferðir Bolungarvík-Ísafjörður, Aðalstræti 20
Vélvirkinn sf, Hafnargötu 8

**Flateyri**
Gisting og kajakaleiga Grænhöfða, Ólafstúni 7
Sytra ehf, Ólafstúni 5

**Patreksfjörður**
Albína verslun, Aðalstræti 89
Gistiheimilið Bjarkarholti

**Tálknafjörður**
Gistiheimilið Bjarmalandi ehf, Bugatúni 8
T.V. Verk ehf, Strandgötu 37
Þórsberg hf, Strandgötu 25

**Bíldudalur**
GSG vörubílaakstur-trésmíði ehf, Kríubakka 4

**Þingeyri**
Brautin sf, Vallargötu 8
Gistihúsið Við fjörðinn, Aðalstræti 26

**Staður**
SG verkstæði ehf, Borðeyri

**Árneshreppur**
Hótel Djúpavík ehf, Árneshreppi

**Hvammstangi**
Skjanni ehf, Brekkugötu 10

**Blönduós**
Ferðaþjónustan Hveravöllum

**Skagaströnd**
Marska ehf, Höfða
Rafmagnsverkstæðið Neistinn ehf, Strandgötu 32
Sveitarfélagið Skagaströnd, Túnbraut 1-3
Trésmiðja Helga Gunnarssonar ehf, Mánabraut 2

**Sauðárkrókur**
Héraðsdómur Norðurlands vestra, Skagfirðingabraut 21
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
K-Tak ehf, Borgartúni 1
Sjávarleður hf, Borgarmýri 5
Skinnastöðin hf, Syðri-Ingveldarstöðum
Stoð ehf, verkfræðistofa, Aðalgötu 21
Sveitarfélagið Skagafjörður, Skagfirðingabraut 21 Ráðhúsi
Útgerðarfélagið Sæfari ehf, Hrauni
Verslun Haraldar Júlíussonar, Aðalgötu 22
Verslunarmannafélag Skagafjarðar, Borgarmýri 1
Vinnuvélar Guðmundar og Skúla sf, Borgarröst 4
Vörumiðlun ehf, Eyrarvegi 21

**Varmahlíð**
Akrahreppur Skagafirði
Ferðaþjónustan Bakkaflöt
Ferðaþjónustan Lauftúni, Lauftúni

**Siglufjörður**
Aðalbakarinn ehf, Aðalgötu 28
Hlið Siglufirði ehf, Gránugötu 13
HM Pípulagnir Siglufirði ehf, Ránargötu 14
Málaraverkstæðið ehf, Hverfisgötu 25

**Akureyri**
AUTO ehf, bílapartasala, Vesturgil 1
ÁK smíði ehf, Njarðarnesi 4
Ásbyrgi-Flóra ehf, Tryggvabraut 24
ÁS-Pípulagnir ehf, Eikarlundi 29
Becromal Iceland ehf, Krossanesi 4
Berg félag stjórnenda, Hafnarstræti 82
Bílapartasalan Austurhlíð
Blikk- og tækniþjónustan ehf, Kaldbaksgötu 2
Blikkrás ehf, Óseyri 16
Bæjarverk ehf, Rauðumýri 11
Car-X ehf, Njarðarnesi 8
Dragi ehf, Syðri-Tjörnum
Eining-Iðja, Skipagötu 14
Ekill ehf, Goðanesi 8-10
Fasteignasalan Hvammur ehf, Hafnarstræti 99-101
Framtal sf, Kaupangi Mýrarvegi
Garðyrkjustöðin Brúnalaug, Brúnalaug
HG verktaki ehf, Höfðahlíð 15
Hnýfill ehf, Brekkugötu 36
Höldur ehf, bílaleiga, Tryggvabraut 12
Kaffi Amor ehf, Ráðhústorgi 9
Keahótel ehf, Hafnarstræti 87-89
Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b
Klettur-Skipaafgreiðsla ehf, Sokkatúni 1
Laugaland, unglingameðferðarheimili, Arnarsíðu 7
Litblær ehf, Stapasíðu 11b
Ljósco ehf, Ásabyggð 7
Lostæti ehf, Naustatanga 1
Lögmannsstofa Akureyrar ehf, Hofsbót 4
Malbikun KM ehf, Óseyri 8
Miðstöð ehf, Draupnisgötu 3g
Múriðn ehf, Mýrartúni 4
Netkerfi og tölvur ehf, Steinahlíð 7c
Norðurorka hf, Rangárvöllum
Pólarhestar ehf, Grýtubakka 2
Pólýhúðun Akureyri ehf, Draupnisgötu 7m
Rafmenn ehf, Frostagötu 6c
Raftákn ehf, Glerárgötu 34
Rakara- og hárstofan Kaupangi við Mýrarveg
SBA Norðurleið, Hjalteyrargötu 10
Sjómannablaðið Víkingur, Byggðavegi 101b
Sjúkrahúsið á Akureyri, Eyrarlandsvegi
Slippurinn Akureyri ehf, Naustatanga 2
Sólskógar ehf, Sómatúni 3
Stefna ehf, Hafnarstræti 97
Trans Atlantic ehf, Tryggvabraut 22

**Grenivík**
Jónsabúð ehf, Túngötu 1-3
Sparisjóður Höfðhverfinga, Ægissíðu 7

**Grímsey**
Vélaverkstæði Sigurðar Bjarnasonar ehf, Hátúni

**Dalvík**
Híbýlamálun,málningarþjónusta ehf, Reynihólum 4
Klaufi ehf, Klaufabrekkum
Kussungur ehf, Ásvegi 3
Miðlarinn ehf, Bjarkarbraut 9
Promens Dalvík ehf, Gunnarsbraut 12
Sparisjóður Norðurlands, Ráðhúsinu
Steypustöðin Dalvík ehf, Sandskeiði 27

**Ólafsfjörður**
Brimnes hótel ehf, Bylgjubyggð 2

**Hrísey**
Einangrunarstöðin Hrísey Hvatastöðum, Austurvegi 8

**Húsavík**
Gentle Giants, Túngötu 6
Gistiheimilið Kiðagil Bárðardal, Svartárkoti
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Auðbrekku 4
Höfðavélar ehf, Höfða 1
Skóbúð Húsavíkur ehf, Garðarsbraut 13
Sorpsamlag Þingeyinga ehf, Víðimóum 3
Sýslumaðurinn á Húsavík, Útgarði 1
Vermir sf, Höfða 24a
Vélaverkstæðið Árteigi
Ökuskóli Húsavíkur, Túngötu 1

**Mývatn**
Dimmuborgir Guesthouse, Geiteyjarströnd 1
Kvenfélag Mývatnssveitar

**Þórshöfn**
B.J. vinnuvélar ehf, Hálsvegi 4

**Bakkafjörður**
Skeggjastaðakirkja

**Egilsstaðir**
Austfjarðaflutningar ehf, Kelduskógum 19
Bílamálun Egilsstöðum ehf, Fagradalsbraut 21-23
Bókráð,bókhald og ráðgjöf ehf, Miðvangi 2-4
Fljótsdalshérað, Lyngási 12
G.Ármannsson ehf, Ártröð 12








*Frá vinstri Óskar Bjartmarz, Leif Onshus, Stein Myhrvold, Thore Daae Olseng, Knut Alme, Ivar Thoresen, Johan Fjærestad og Guðmundur St. Sigmundsson.*

**Var haldið í Stavanger 16 ágúst s.l. en sambandið var stofnað í Bergen fyrir 75 árum. Óskar Bjartmarz og Guðmundur St. Sigmundsson þáðu boð NPI og mættu til afmælishófsins.**

Kvöldið áður, að loknum kvöldverði, mætti Erik Thorstved fyrrverandi markmaður Tottenham og norska landsliðsins í knattspyrnu. Hann flutti fyrirlestur um liðsheild og þýðingu og virði hvers og eins einstaklings í liðsheildinni. Í ávarpi sínu minntist hann á Guðna Bergsson, sem var liðsfélagi hans hjá Tottenham, hvað hann hefði alltaf verið mikilvægur hlekkur í liðsheildinni og fór síðan út í árásina á lögfræðiskrifstofunni þar sem Guðni kom félaga sínum til hjálpar og bjargaði sennilega lífi hans.

Kvöldið eftir var hátíðarkvöldverður á Clarion hótel. Hófið var undir stjórn Hans Petter Hansen sem er þekktur uppistandari í Noregi og á víst heimsmet í samfelldu uppistandi eða samtals í 38 klst. Eins og við þá mættu fulltrúar frá Danmörku. Við færðum NPI klukku með Ísland sem bakgrunn. Ellen Mari Burheim formaður NPI tók við gjöfinni. Þá afhentum við nokkrum aðilum hraunmola á



*Frá vinstri Guðmundur St. Sigmundsson, Ivar Thoresen og Óskar Bjartmarz.*



*Frá vinstri Óskar Bjartmarz, Ellen Mari Burheim og Guðmundur St. Sigmundsson.*

standi hvar viðkomandi var þakkað fyrir starf sitt á vettvangi norræna lögregluíþróttasambandsins, NPIF. Þetta voru þeir Leif Onshus, Thore Daae Olseng og Ivar Thoresen fyrrverandi formenn NPI, Knut Alme og Stein Myhrvold fyrrverandi meðlimir tækninefndar norræna sambandsins og síðast en ekki síst Johan Fjærestad sem hefur verið starfsmaður norska sambandsins til fjölda ára en hættir þeim störfum um áramótin.

Fulltrúi norska ríkislögreglustjórans mætti til hófsins og flutti kveðju hans, þá kom hann einnig færandi hendi og afhenti sambandinu 75.000 norskar krónur að gjöf.

Þá sæmdum við Ivar Thoresen, sem hætti sem formaður NPI á árinu, gullmerki ÍSL á samkomunni. Ivar fékk merkið fyrir frábær störf á vegum norræna lögregluíþróttasambandsins, NPIF, þar sem hann hefur verið í stjórn og formaður í eitt tímabil. Einnig fyrir störf hans að málefnum NPIF innan evrópska lögregluíþróttasambandsins, USPE, en þar situr hann núna í tækninefnd. Ekki síður fékk Ívar merkið fyrir einstaka velvild og vinskap í garð ÍSL í gegnum árin.


Smáralind
SJÓVÁ
66° NORÐUR
Samkaup
SPORTER
Domino's
SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG
ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

# Norðurlandamót lögreglumanna í golfi 2013

**Norðurlandamót lögreglumanna í golfi var haldið í Vestmannaeyjum 4-8 september. s.l. Auk Íslendinga tóku Norðmenn og Danir þátt í mótinu. Svíar voru ekki með að þessu sinni og Finnar eru ekki með golf innan raða finnska lögregluíþróttasambandsins.**

Íþróttasamband lögreglumanna, ÍSL, hafði veg og vanda af skipulagi og framkvæmd mótsins. Þetta var í annað skiptið sem NPM í golfi er haldið á Íslandi en fyrra sinnið var 2002.

Lið Íslands hafði titil að verja en Sigurbjörn Þorgeirsson varð Norðurlandameistari í golfi 2009 þegar mótið var haldið í Danmörku. Þá bar lið Íslands sigur úr bítum í liðakeppninni.

Mótið fór fram á föstudaginn 6. og laugardaginn 7. september, æfingahringur liðanna var tekinn fimmtudaginn 5 september.

Lið Íslands samanstóð af 6 lögreglumönnum þeim Sigurði Péturssyni og Herði Sigurðssyni frá LRH Birgi Má Vigfússyni frá RLS, Sigurbirni Þorgeirssyni, lögreglunni í Eyjafirði, Óskari Halldórssyni og Marinó Má Magnússyni frá Suðurnesjum.

Liðstjórar voru Friðrik Jónsson Suðurnesjum og Jóhann Karl Þórisson LRH.

Óskar Bjartmarz Seyðisfirði, Guðmundur St. Sigmundsson LRH og Óskar Sigurpálsson ÍSL voru fararstjórar og mótshaldarar.

Mótið fór fram ágætis veðri en það var einstaklega gott á fimmtudeginum sól og rjómablíða eins og hún gerist best í Vestmannaeyjum, liðstjórar danska og norska liðsins voru yfir sig ánægðir með völlinn og einstakt umhverfið í dalnum töldu þeir að þessi völlur væri með fegurstu völlum sem þeir hefðu komið á fyrr og síðar.

Eftir fyrri keppnisdaginn (föstudag) stóðu leikar þannig að Sigurbjörn Þorgeirsson var í forystu en hann lék á 68 höggum, næstur var Jakob. E. Nielsen frá Danmörku á 74 höggum og þriðji Marinó Már Magnússon á 76 höggum. Þá var Ísland efst í liðakeppninni á 304 höggum, Danmörk í öðru sæti á 312 höggum og Noregur var með 328 högg.

Á laugardeginum háði Sigurbjörn Þorgeirsson æsispennandi einvígi við Danann Jakob. E. Nielsen. Jakob var á 32 höggum eftir fyrri 9 og Sigurbjörn á 34 höggum. Allt var í járnum fram á 15 holu. þá náði Jakob fjórum fuglum í röð á 15, 16, 17 og 18 með ótrúlegum leik, m.a. næstum því holu í höggi á 17 holu þar sem boltinn stöðvaðist nánast á holubrún.

Þar fór að lokum svo að Jakob E. Nielsen lék hringinn á 66 höggum meðan Sigurbjörn lék á 74 höggum




*Lið Íslands. Frá vinstri Jóhann Karl Þórisson, Hörður Sigurðsson, Sigurður Pétursson, Marinó Már Magnússon, Óskar Halldórsson, Birgir Már Vigfússon, Sigurbjörn Þorgeirsson og Friðrik K. Jónsson.*



*Marinó Már Magnússon að pútta á 12 flöt.*




*Lokahollið síðasta daginn frá vinstri Espen Rekve Litlebö NO, Sigurbjörn Þorkelsson IS og sigurvegari mótsins Jakob E. Nielsen.*

***Úrslit NPM lögreglumanna í golfi 2013 urðu því sem hér segir:***

| | |
|---|---|
| **Jakob E. Nielsen** | |
| Danmörk | 140 högg |
| **Sigurbjörn Þorgeirsson** | |
| Ísland | 142 högg |
| **Carsten Ekstrøm** | |
| Danmörk | 152 högg |

***Úrslit liðakeppninar urðu sem hér segir:***

| | |
|---|---|
| Danmörk | 607 högg |
| Ísland | 615 högg |
| Noregur | 647 högg |

Danir eru því ríkjandi norðurlandameistarar í golfi næstu 4 árin, næsta mót verður haldið í Noregi 2017.

***Jóhann Karl Þórisson***



*Frá vinstri Eiríkur Ó. Jónsson, Laufey Gísladóttir, Jónas Hafsteinsson, Kristína Sigurðardóttir og Jón S. Ólason.*



*Kristína í skotstöðu.*

# Norðurlandamót lögreglumanna í skotfimi

## *-var haldið í Árósum í Danmörku dagana 19. – 23. september sl.*

**ÍSL sendi fimm keppendur til keppni, Jónas Hafsteinsson sem keppti í loftskammbyssu og fríbyssu, Eirík Óskar Jónsson sem keppti í loftskammbyssu, standardbyssu og grófbyssu, Kristínu Sigurðardóttur sem keppti í loftskammbyssu, standardbyssu og sportbyssu, Laufeyju Gísladóttur sem keppti í loftskammbyssu og Jón S. Ólason sem keppti í loftskammbyssu og var fararstjóri.**

Aðstaða og aðbúnaður í Árósum var eins og best verður á kosið, gist á hóteli og matur á lögreglustöðinni. Rætt var um að setningarathöfn mótsins hefði sennilega verið sú skemmtilegasta sem verið hefur á þessum mótum. Í það minnsta var sett hraðamet sem seint verður bætt, líklega rétt um mínúta.

Keppendur á mótinu voru alls 36, frá Danmörku, Noregi, Finnlandi og Íslandi og kepptu flestir í fleiri en einni grein. Svíar voru fjarri góðu gamni en þeir tóku ekki þátt í mótinu en svo virðist sem þeir séu horfnir úr íþróttasamstarfinu á norðurlöndum, a.m.k. í bili.

Mótið var hið skemmtilegasta og reyndi mjög á keppendur, ekki síst fyrir þær sakir að keppt var eftir nýjum alþjóðareglum en samkvæmt þeim eru úrslitin útsláttarkeppnir þar sem keppandinn byrjar á núlli en tekur ekki með sér stigin úr undankeppninni. Fæstir keppenda höfðu áður prófað að keppa til úrslita eftir nýju reglunum sem jók mjög álag á þá. Fyrir vikið gat hreinlega allt gerst og var spennan í úrslitakeppnunum eftir því.



*Eiríkur og Jónas í afslöppun.*

Kristína Sigurðardóttir stóð sig best íslensku keppendanna og komst á verðlaunapall þegar hún náði bronsi í sportbyssu eftir æsispennandi keppni. Hún var í fimmta sæti eftir undankeppni og hafði þar með sæti í úrslitum. Eftir keppni í 8 manna úrslitum var Kristína jöfn Vivian Bang frá Danmörku í fjórða til fimmta sæti og þurftu þær að skjóta bráðabana um sæti í fjögurra manna úrslitum. Kristína vann bráðabanann og keppti við Ingeborg Gran frá Noregi um 3. – 4. sæti. Keppt er með þeim hætti að keppendur skjóta fimm skota hrinum og síðan eru talin þau skot sem gefa 10,3 stig eða meira. Sá tveggja keppenda sem er með fleiri 10,3 + vinnur hrinuna og fær tvö stig, ef skotin eru jafnmörg hjá báðum fær hvor fyrir sig 1 stig. Kristína tapaði fyrstu hrinunni 2 - 0 en vann svo fjórar næstu 8 – 0 og þar með var bronsið í höfn. Vert er að geta þess að þetta er fyrsta skiptið sem íslendingur kemst á verðlaunapall á þessum mótum.

Allir íslensku keppendurnir komust í úrslit í sínum greinum nema sá sem þetta ritar. Náðu Eiríkur og Kristína m.a. fjórða sæti í loftbyssu.

Íslensku keppendurnir fundu fyrir miklum þrýstingi frá öðrum keppendum og fararstjórum í þá veru að Ísland taki að sér næsta mót eftir fjögur ár. Aðstaða hér á landi hefur hinsvegar ekki fram til þessa verið boðleg fyrir mót sem þetta en nú er útlit fyrir að úr bætist á næstu árum og hver veit nema hægt verði að bjóða upp á norðurlandamót hér 2017.

***Jón S. Ólason***
***stjórn ÍSL***

FASTUS
FIT FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA
www.fit.is
Gamla Smiðjan
Frumherji
HOTEL RANGÁ
Luxury Resort & Dining
SORPA
ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM
Góa
Stofnað 1968
hagar

# Öldungamót lögreglumanna í innanhúsknattspyrnu 15.-16. nóv 2013



*Lið Suðurnesja sem sigraði á mótinu, frá vinstri Kristján Freyr Geirsson, Ólafur Örvar Ólafsson, Guðmundur Sigurðsson, Sigurbergur Theodórsson, Sigurður Hrafn Sigurðsson og Guðmundur Baldursson. Á myndina vantar Svein Brimi Björnsson.*

**Mótið fór fram á Akureyri dagana 15-16 nóvember. Að þessu sinni voru fimm lið skráð til leiks, en það voru lið frá Akureyri, Sérstökum Saksóknara/RLS, LRH/Fíknó, LRH og Suðurnesjum. Alls voru 35 leikmenn á leikskýrslum í mótinu.**

Leikið var í íþróttahöllinni á Akureyri og hófst mótið á föstudeginum með 6 leikjum en leiknar voru tvær umferðir. Helstu styrktaraðilar mótsins voru Vífilfell, MS og Ölgerðin. Að venju voru vanir dómarar fengnir til að dæma á þessu móti og þótti dómgæslan vera með afbrigðum góð er á heildina er litið þótt menn hafi aðeins kvartað þegar leikurinn stóð sem hæst.

### *Úrslitin á föstudeginum voru á þessa leið*

| | |
|---|---|
| LRH/ÁFD - LRH1 | 2-2 |
| Norðurland - Sérstakur/RLS | 1-1 |
| LRH1 - Suðurnes | 1-5 |
| Sérstakur/RLS - LRH/ÁFD | 1-2 |
| Suðurnes - Norðurland | 4-3 |
| Sérstakur/RLS - LRH1 | 5-3 |

Greinilegt var á fyrsta keppnisdeginum að Suðurnesjamenn með Kristján Freyr Geirsson í fararbroddi ætluðu að selja sig dýrt á þessu móti.

Að lokinni keppni á föstudeginum var safnast saman í samkomusal í íþróttahöllinni og þar var boðið upp á að horfa á landsleik Íslands og Króatíu og voru pantaðar flatbökur handa mönnum í boði ÍSL.

Skapaðist mjög góð stemming yfir landsleiknum og var henni að mestu fylgt eftir með heimsókn á merka staði á Akureyri.

Laugardagurinn byrjaði með látum og lögðu menn sig mjög mikið fram. Greinilegt var að menn ætluðu ekki að tapa stigum. Mörg góð tilþrif sáust en eftirminnilegust voru nokkur dauðafæri sem fóru forgörðum en Sveinn Ægir, Gunnar Axel og Hermann Karlsson náðu á einhvern ótrúlegan hátt að setja boltana framhjá í nokkrum dauðafærum þar sem að svo sannarlega var erfiðara að skora ekki. Einnig sáust mjög flott tilþrif og nokkur glæsimörkin litu dagsins ljós.

### *Úrslit laugardagsins voru á þessa leið*

| | |
|---|---|
| Suðurnes - LRH/ÁFD | 5-2 |
| LRH1 - Norðurland | 2-4 |
| Sérstakur/RLS - Suðurnes | 2-2 |
| LRH-ÁFD - Norðurland | 3-3 |
| LRH1 - LRH/ÁFD | 2-4 |
| Sérstakur/RLS - Norðurland | 4-3 |
| Suðurnes - LRH1 | 6-2 |
| LRH/ÁFD - Sérstakur/RLS | 2-0 |
| Norðurland - Suðurnes | 2-5 |



*Suðurnes.*

Það fór svo að Suðurnesjamenn tryggðu sér sigurinn í mótinu fyrir lokaleikinn. LRH/ÁFD tryggðu sér annað sæti og Sérstakur/RLS lenti í þriðja sæti.

### *Úrslitin í mótinu voru á þessa leið.*

Alls voru skoruð 113 mörk í mótinu og stóð Kristján Freyr Geirsson Suðurnesjum uppi sem markakóngur mótsins með 16 mörk.

Í lokahófinu á laugardagskvöldinu sem haldið var í samkomu sal Íþróttahallarinnar á Akureyri, var vel mætt en þar var í boði matur frá tælenska staðnum Krua Siam. Þar fór fram verðlaunaafhending fyrir mótið og var það Óskar Bjartmarz formaður ÍSL sem aðstoðaði við hana. Öll liðin fengu verðlaunaminjagrip fyrir þáttöku sína á mótinu og var það fótboltaskóstytta merkt mótinu. Síðan fengu Sérstakur/RLS verðlaun fyrir þriðja sætið og LRH/ÁFD fengu verðlaun fyrir annað sætið. Suðurnesjamenn fengu síðan afhentan sigurbikarinn og einnig bikar fyrir að vera það lið sem skoraði flest mörk á mótinu, alls 33 mörk.

Maður mótsins var síðan valinn af liðunum og var það Jón Kr. Valdimarsson Akureyri sem hlaut þann titil.

Óskar Bjartmarz formaður ÍSL sté síðan í pontu og hélt smá tölu. Hann þakkaði heimamönnum fyrir mótshaldið og fjallaði um Öldungamótið sem haldið hefur verið reglulega í þó nokkuð mörg ár. Hann hafði það svo á orði að það væri nánast orðið þannig að tilvist þessa móts væri tryggt ef að það væri haldið á Akureyri og almennt væri mikil ánægja með komu manna þangað á þetta mót. Þá tilkynnti hann að næsta Öldungamót yrði haldið aftur á Akureyri og hlökkum við til að taka á móti vonandi sem flestum á næsta ári.

*Fyrir hönd Íþróttafélags lögreglunnar á Akureyri*
*Haraldur Logi Hringsson*



*Sérstakur/RLS.*



*Norðurland.*



*LRH1.*



*LRH/ÁFD.*



*Hildur Rúnarsdóttir býr sig undir að skjóta.*



*Sjáiði tilþrifin hjá Sveini Ingberg Magnússyni.*

| | Sigur | Jafntefli | Tap | Stig | Skoruð mörk | Fengin mörk |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Suðurnes | 5 | 2 | 1 | 12 | 33 | 19 |
| LRH/ÁFD | 4 | 3 | 1 | 11 | 22 | 19 |
| Sérstakur | 4 | 2 | 2 | 10 | 23 | 17 |
| Norðurland | 1 | 2 | 5 | 4 | 19 | 24 |
| LRH1 | 1 | 1 | 6 | 3 | 16 | 34 |
| **Samtals** | | | | | **113** | **113** |

# Stuttfréttir:

## Heimasíða ÍSL

**Íþróttasamband lögreglumanna, ÍSL, hefur opnað heimasíðu, www.islsport.is**

Heimasíðan á að vera vettvangur upplýsinga um starfsemi ÍSL á víðum grunni m.a. um mót, úrslit, lög, reglur og samstarf við norræn-, og evrópsk lögregluíþróttasambönd. Einnig verða myndum úr starfseminni gerð góð skil.

## EPM í þríþraut

**Stjórn ÍSL hefur tilkynnt um þátttöku á evrópumóti lögreglumanna í þríþraut sem fram á að fara í Bremen í Þýskalandi í ágúst 2014. Þríþrautin felst í sundi 1,5 km, hjólreiðum uppá 40 km og 10 km. hlaupi.**

Næst á dagskránni verður að kanna hvort einhverjir lögreglumenn hér á landi hafi áhuga á að fara á þetta mót. Áhugasamir geta haft samband við Óskar Bjartmarz formann ÍSL.







## Mótalisti: 2014

| | Umsjón/mótsstaður | Dags. |
|---|---|---|
| ***Landsmót:*** | | |
| Landsmót í innanhússknattspyrnu | Suðurland | Mars |
| Skotfimi | Skotnefnd ÍSL | Maí |
| Golf | Suðurnes | Júlí |
| Öldungamót í innanhússknattspyrnu | Akureyri | Október |
| ***Norðurlandamót:*** | | |
| Ratleikni | Noregur | |
| ***Evrópumót:*** | | |
| Handbolti – kvenna | Haag/Holland | 09. – 14. mars |
| Knattspyrna – karla | Prag/Tékkland | 23. – 30. júní |
| Þríþraut | Bremen/Þýskaland | 08. – 11. ágúst |
| Maraþon | Graz/Austurríki | 10. – 13. október |
| Víðavangshlaup | Rússland | |





# *Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi*

Gistihúsið Egilsstöðum,
Miðás ehf-Brúnás innréttingar, Miðási 9
Rafey ehf, Miðási 11
Ökuskóli Austurlands sf, Lagarfelli 11

**Seyðisfjörður**
Austfar ehf, Fjarðargötu 8
Stálstjörnur ehf, Fjarðargötu 1
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, Bjólfsgötu 7

**Reyðarfjörður**
Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi, Stekkjarbrekku 8
Tærgesen, veitinga- og gistihús

**Eskifjörður**
Egersund Ísland ehf, Hafnargötu 2
Glussi ehf, viðgerðir, Strandgötu 43
Rafmagnsverkstæði Andrésar ehf, Fífubarði 10

**Neskaupstaður**
Fjarðahótel, Egilsbraut 1
G.Skúlason vélaverkstæði ehf, Nesgötu 38
Haki ehf, Naustahvammi 56a
Rafgeisli Tómas R Zoéga ehf, Hafnarbraut 10
Síldarvinnslan hf, Hafnarbraut 6
Tröllí ehf, gisting, Hafnarbraut 50

**Fáskrúðsfjörður**
Vöggur ehf, Grímseyri 11

**Stöðvarfjörður**
Ástrós ehf, Fjarðarbraut 44

**Breiðdalsvík**
Dýralæknirinn á Breiðdalsvík, Ásvegi 31

**Djúpivogur**
Djúpavogshreppur, Bakka 1

**Höfn í Hornafirði**
Ferðaþjónustan Gerði, Suðursveit
Jökulsárlón ehf,
Króm og hvítt ehf, Álaleiru 7
Skinney-Þinganes hf, Krossey

**Selfoss**
Árvirkinn ehf, Eyravegi 32
Baldvin og Þorvaldur ehf, Austurvegi 56
Bílaþjónusta Péturs ehf, Vallholti 17
Bjarnabúð, Brautarhóli
Bókaútgáfan Björk, Birkivöllum 30
BR flutningar ehf
Brandugla slf, þýðingar, Erlurima 8
Búhnykkur sf, Stóru-Sandvík
Búnaðarfélag Grafningshrepps, Villingavatni
Fasteignasalan Árborgir ehf, Austurvegi 6
Félag opinberra starfsmanna Suðurlandi, Austurvegi 38
Flóahreppur, Þingborg
Fossvélar ehf, Hellismýri 7
Guðnabakarí ehf, Austurvegi 31b
Héraðsdómur Suðurlands, Austurvegi 4
Hveratún ehf, Hveratúni
Hvítahúsið, skemmtistaður, Hrísmýri 6
I.G. þrif ehf, Dverghólum 11
JÁ pípulagnir ehf, Suðurgötu 2
Jálkur ehf, Önundarholti
Jötunn vélar ehf, Austurvegi 69
Kökugerð H P ehf, Gagnheiði 15
Mjölnir, vörubílstjórafélag, Hrísmýri 1
Motivo ehf hönnun og gjafavara, Austurvegi 9
Nesey ehf, Suðurbraut 7, Gnúpverjahreppi
Orkugerðin ehf, Heiðargerði 5
Pálmar K Sigurjónsson ehf, Borgarbraut 6
Pizzavagninn ehf, Laxárdal 2a
Rafmagnsverkstæði Jens og Róberts ehf, Laugarási
Rafvélaþjónusta Selfoss ehf, Eyravegi 32
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Gagnheiði 35
Strá ehf, Sandlækjarkoti
Súluholt ehf, Súluholti
Súperbygg ehf, Eyravegi 31
Sveitarfélagið Árborg, Austurvegi 2
Sýslumaðurinn á Selfossi, Hörðuvöllum 1
Verslunin Borg, Minni-Borg
Vélaverkstæði Þóris ehf, Austurvegi 69
X5 ehf, Birkigrund 15
Þjóðgarðurinn Þingvöllum, Þingvöllum
Þorsteinn Pálsson, tannlæknir, Austurvegi 9

**Hveragerði**
Bílaverkstæði Jóhanns ehf, Austurmörk 13
Garðyrkjustöð Ingibjargar, Heiðmörk 38
Heilsustofnun NLFÍ-www.hnlfi.is, Grænumörk 10
Jón Þórisson ehf, Kambahrauni 50
Kjöris ehf, Austurmörk 15
Litla kaffistofan, Svínahrauni
Raftaug ehf, Borgarheiði 11h
Sport-Tæki ehf, Austurmörk 4

**Þorlákshöfn**
Fiskmark ehf, Hafnarskeiði 21
Frostfiskur ehf, Hafnarskeiði 6
Járnkarlinn ehf, Unubakka 12
Sveitarfélagið Ölfus, Hafnarbergi 1

**Ölfus**
Durinn ehf, Læk Ölfusi
Dýralæknaþjónusta Suðurlands, Stuðlum
Eldhestar ehf, Völlum
Garpar ehf, Reykjakoti 2

Gljúfurbústaðir ehf, Gljúfri
Skjólklettur ehf, Grásteini

**Laugarvatn**
Ásvélar ehf, Hrísholti 11

**Flúðir**
Áhaldahúsið Steðji, Smiðjustíg 2
Flúðafiskur, Borgarási
Flúðaleið ehf, Smiðjustíg 10
Flúðasveppir ehf, Undirheimum
Kaffi-Sel ehf, Efra-Seli

**Hella**
Freyðing ehf, Fagurhóli
Hestvit ehf, Árbakka
Pakkhúsið Hellu ehf, Suðurlandsvegi 4
Varahlutaverslun Björns Jóhannsson, Lyngási 5
Verkalýðsfélag Suðurlands, Suðurlandsvegi 3

**Hvolsvöllur**
Ferðaþjónusta bænda Stóru-Mörk, Stóru-Mörk 3
Ferðaþjónustan Hellishólum ehf
Gestastofan Þorvaldseyri
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli, Austurvegi 6

**Vík**
Hrafnatindur ehf, Smiðjuvegi 13
Mýrdælingur ehf, Suðurvíkurvegi 2
Kirkjubæjarklaustur
Bifreiðaverkstæðið Kirkjubæjarklaustri, Iðavöllum 5
Ferðaþjónustan Efri-Vík ehf, Efri-Vík
Icelandair Hótel Klaustur, Klausturvegi 6
Skaftárhreppur, Klausturvegi 10

**Vestmannaeyjar**
Alþrif í Vestmannaeyjum, Strembugötu 12
Bergur-Huginn ehf, Básaskersbryggju 10
Bíla-og vélaverkstæði Harðar og Matta ehf, Básum 3
Eyjavík ehf, Vestmannabraut 23
Frár ehf, Hásteinsvegi 49
Hótel Vestmannaeyjar, Vestmannabraut 28
Ísfélag Vestmannaeyja hf, Strandvegi 28
Karl Kristmanns, umboðs- og heildverslun, Ofanleitisvegi 15-19
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja, Skólavegi 2
Narfi ehf, Eiði 12
Ós ehf, Illugagötu 44
Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf, Kirkjuvegi 23
Vinnslustöðin hf, Hafnargötu 2

FLUGELDAR
STJÖRNULJÓS

VÉLAR & VERKFÆRI


Örugg þjónusta í yfir 25 ár!
Kæling fyrir öll tölvurými, skrifstofur og gagnaver!
Rafstjórn tekur út og þjónustar öll kæli- og loftræstikerfi.
Kælitæki á vegg
MITSUBISHI HEAVY INDUSTRIES, LTD.
Kælitæki í loft
MITSUBISHI HEAVY INDUSTRIES, LTD.
STULZ
Rakatæki
Hagkvæm í rekstri
Sjálfvirk áfylling
Mikið rekstraröryggi
Sjálfhreinsandi
Viðheldur umbeðnu rakastigi
Direct Rack Cooling
SAUTER STJÓRNBÚNAÐUR
STULZ RAKA- OG KÆLITÆKI
interfilta LOFTSÍUR
VATNSHREINSITÆKI
RSF RAFSTJÓRN ehf.
Virkni loftræstikerfa er okkar fag.
Rafstjórn ehf - Stangarhyl 1A - Sími: 587-8890 - www.rafstjorn.is